



EFNI BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2010
- 5** Rökstuðningur dómnefndar blaðamanna-
verðlauna 2010
- 6** Ávarp dómnefndar

Verðlaunamyndir

- 7** Kristinn Magnússon:
Eilíf barátta
- 8** Verðlaunamyndirnar 2010

Félagið

- 13** Nýtt orlofshús í Stykkishólmi
- 14** Viðbrögð BÍ við skýrslu
Rannsóknarnefndar Alþingis
- 18** Tillögur að lagabreytingum

Umræðan

- 24** Guðni Einarsson:
Heimsókn til Poynter-stofnunarinnar
- 31** Þröstur Haraldsson:
Á netinu eða akrinum?

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.15-16.30.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, formaður, Fríða Björnsdóttir, framkvæmdastjóri og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Úrskurðir

- 33** Úrskurðir síðanefndar
- 41** Félagatal

Forsíðumyndin

er mynd ársins 2010. Myndin er tekin af Brynjari Gauta Sveinssyni og fangar helstu hliðar hörmunganna sem fólk upplifði á gostíma Eyjafjallajökuls.

Rannsóknarnefndin og blaðamennskan

Um þessar mundir er liðið ár frá því að Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis kom út. Sú skýrsla þótti marka ákveðin tímamót og mikil umræða spannst um innihald hennar og niðurstöður. Að mörgu leyti var hún áfellisdomur yfir íslensku samfélagi, íslenskum stjórnmalum, stjórnslu og viðskiptalífi, og í henni var líka að finna mjög mikilvægar ábendingar um stöðu fjölmiðla og fjölmiðlafólks. Vandinn var greindur og markvísst spurt hvers vegna fór sem fór og hlutur fjölmiðla skoðaður sérstaklega. Ýmsar af niðurstöðunum sem fram komu voru vissulega lítið gleðiefni fyrir blaðamannastéttina en það er til marks um ákveðinn þroska og faglega vitund að blaðamenn hlustuðu á rökin og málalífbúnaðinn og reyndu að læra af því sem þar kom fram. Liður í þessu lærdomsferli var að stjórn Blaðamannafélagsins setti á fót starfshóp reyndra blaðamanna til að fara yfir ábendingar Rannsóknarnefndarinnar og átti nefndin að svara tilteknum spurningum og leggja mat á stöðuna. Nefndin skilaði álit og fundaði á pressukvöldi með félagsmönnum og birtist hluti af greinargerð nefndarinnar í þessu hefti Blaðamannsins. Það er mikilvægt að halda á lofti kjarnanum í þeirri umræðu sem skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis ýtti úr vör, vegna þess að í eðli sínu snýst hún um að standa vörð um fagleg gildi blaðamanna – í raun hinn sigilda kjarna blaðamennskunnar, að halda ljósi sannleikans upp að þeim málum sem varða almannahag.

Hér verða ekki raktar ábendingar Rannsóknarnefndarinnar í einstökum atriðum, en þó er gagnlegt að draga fram ákveðna þætti úr greinargerð starfshóps Blaðamannafélagsins vegna þess að þar er verið að fjalla um þau atriði sem hvað mestu skipta fyrir faglega vitund og starfsumhverfi blaðamanna á Íslandi í dag. Á einum stað í greinargerðinni segir að aðstæður blaðamannastéttarinnar séu með versta móti eftir hrunið, og að stór hópur blaðamanna sé atvinnulaus. Slíkt sé sérstaklega hættulegt fyrir sjálfstæða blaðamennsku og bagalegt fyrir blaðamenn að búa við aðstæður sem ýti undir „lödóréttu hollustu við eigendur eða stjórnendur.“ Síðan segir: „Athuganir hafa leitt í ljós að þar sem tekist er á um hlutina með opnum hætti í orðræðu milli starfsmanna og stjórnenda, er mun líklegri að sterk bönd og samheldni myndist en þar sem stjórnendur halda fast við einhliða skipanir að ofan. Af þessu leiðir að árangur og velgengi fyrirtækja er frekar verk óttalausra starfsmanna sem bera höfuðið hátt og leyfist að draga sínar ályktanir og tefla þeim fram í orðræðu við yfirmenn sem aðra. Fátækt fjölmiðla gerir að verkum að þeir reyna að draga fram lífið með láglaunuðum og fáum starfsmönnum sem ofhlaðnir eru stórfum. Þessa gætir víða um þessar mundir.“

Til viðbótar þessum fátæktarfrjöturum hefur dómsvaldið í landinu hneigst til þess að bæta við fjötrum tjáningarhafa og þöggunar þar sem blaðamönnum og fjölmiðlum er gert að borga háar miskabætur fyrir að segja frá málum sem samkvæmt öllum eðlilegum mælikvörðum skipta almannaheill máli. Undir yfirsíkinu æruverndar, friðhelgi einkalífs og bankaleyndar hefur dómaframkvæmd dómstóla unnið gegn eðlilegri og opinni umræðu og reynt með háum bótadómum að framkalla kælingaráhrif (chilling effect) hjá fjölmiðlum.

Lýðræði grundvallast á því að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir og hafi ávallt bestu mögulegu upplýsingar um það sem máli skiptir. Þær upplýsingar fær almenningur úr fjölmiðlum og fjölmiðlar eru því upplýsingakerfi lýðræðisins. Sé þetta upplýsingakerfi veikt, þá er lýðræðið veikt. Stjórnvöld og stjórnmalastéttin hafa ekki sýnt því nokkurn áhuga að reyna með jákvæðum hætti að grípa inn í og tryggja eða líka til fyrir rekstri fjölmiðla. Í nýju fjölmiðlafrumvarpi eru settar fram almennar tillögur um ýmsar skyldur fjölmiðla, en ekkert er gert til að skilgreina hvernig fjölmiðlar geti staðið undir þessum skyldum eða draga úr rekstrarviðkvæmni þeirra gagnvart markaðssveiflum. Meðan ekkert slíkt kemur fram er tæplega hægt að taka alvarlega fagurgala þingmanna og annarra ráðamanna um mikilvægi tjáningarfrelsis hvað þá að einhver alvara sé að baki hugmyndum sem settar hafa verið fram í þingsályktun um að gera Ísland að alþjóðlegu tjáningarfrelsiskjóli. En boltinn er líka hjá fagstétt blaðamanna, sem verður að standa vörð um grundvallargildi blaðamennskunnar og faglegra vinnubragða hvar og hvenær sem er.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Hjálmar Jónsson, formaður
Sigurður Már Jónsson, varaformaður
Erla Hlynisdóttir, 365 miðlar
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðinu
Egill Ólafsson, Mbl
Kristinn Hrafnsson, RÚV
Magnús Halldórsson, Viðskiptablaðinu

Varamenn:

Lóa Pind Aldisardóttir
Albert Örn Eyþórsson
Sigrún María Kristinsdóttir

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður,
Sigurður Már Jónsson, varaformaður,
Guðni Einarsson, Klemens Ólafur Prastarson,
Valgarður Gíslason, Höskuldur Schram
og Kolbeinn Þorsteinsson

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Lillý Valgerður Pétursdóttir
og Rakel Ósk Sigurðardóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson, formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Svanborg Sigmarsdóttir
og Björn Vignir Sigurpálsson

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir
og Lillý Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson
og Svanborg Sigmarsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson og Kristín Heiða Kristinsdóttir

Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Prastarson

DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

Stöð 2 og Vísir:

Lillý Valgerður Pétursdóttir og
Gunnar Reynir Valþórsson

Orlotts- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Síðanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Friðrik Þór Guðmundsson
Ásgeir Þór Árnason, hrl., fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðfærðistofnunar H.Í.

Varamenn:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir

Blaðamanna verðlaun 2010

Tilnefningar dómnefndar til Blaðmannaverðlauna 2010

Hér birtast tilnefningar dómnefndar Blaðmannaverðlauna B.Í. til verðlauna fyrir árið 2010. Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum: Besta umfjöllun ársins 2010; Rannsóknarblaðamennska ársins 2010; Blaðmannaverðlaun ársins 2010. Þrjár tilnefningar koma frá dómnefndinni í hverjum flokki og eru þær birtar viku fyrir sjálfa verðlaunaafhendinguna í samræmi við reglugerð verðlaunanna.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2010:

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir DV, fyrir áleitna og vandaða umfjöllun um kynferðisbrotamál og forystu um skrif á þessu sviði, svo sem um biskupsmálið og önnur meint kynferðisbrot innan kirkju og trúfélaga.

Stígur Helgason og Trausti Hafliðason Fréttablaðinu, fyrir greinargóða og upplýsandi umfjöllun um málefni meðferðarheimilisins Árbótar. Umfjöllunin varpaði nýju ljósi á umdeild vinnubrögð í stjórnárum og stjórnsýslu.

Þorbjörn Þórðarson Stöð 2, fyrir skilmerkilegan fréttflutning af viðskipta- og fjármálum sem iðulega sviptu hulunni af framvindu meintra efnahagsbrotamála í aðdraganda og ekki síður eftir hrunið.

Besta umfjöllun ársins 2010:

Fréttastofa RÚV, Fréttastofa Stöðvar 2 og Ritstjórn Morgunblaðsins, fá sameiginlega tilnefningu fyrir um-

fangsmikla og vandaða en ólíka umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Magnús Halldórsson Viðskiptablaðinu, fyrir skýra og umfangsmikla umfjöllun um fjármál sveitarfélaga í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Sigríður H. Björnsdóttir og Þóra Arnórsdóttir (ritstj.) ásamt fréttamönnum fréttastofu RÚV og Kastljóss, fyrir sérstakan þátt með greinargóðri og viðamikilli umfjöllun um Rannsóknarskýrslu Alþingis daginn sem hún kom út. Dæmi um hröð, vönduð og fumlaus vinnubrögð.

Blaðmannaverðlaun ársins 2010

Kristinn Hrafnsson RÚV/WikiLeaks, fyrir framúrskarandi úrvinnslu á myndbandi um þyrilurás í Bagdad sem hann vann ásamt Inga R. Ingasyni. Einnig fyrir störf hans sem fulltrúi WikiLeaks í samstarfi við helstu fjölmiðla heims við að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri.

Pétur Blöndal Morgunblaðinu, fyrir fróðlegar og sérstaklega vel skrifaðar greinar um læknavísindi sem gáfu bæði innsyn í aðstæður sjúklings og lækna/heilbrigðisstarfsfólks.

Ritstjórn DV fyrir Stjórnlagabingsvef sinn þar sem lesendum var með nýstárlegum hætti og lifandi framsetningu auðveldað að kynna sér hinn mikla fjölda frambjóðenda.



Handhafar Blaðmannaverðlauna 2010, f.v.: Sigríður Björnsdóttir Hagallín, RÚV, Pétur Blöndal, Morgunblaðinu, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV, Kristinn Hrafnsson, RÚV/WikiLeaks, og Kristján Már Unnarsson, Stöð 2.

Rökstuðningur dómnefndar 2010

Rannsóknarblaðamennska ársins 2010

Ingbjörg Dögg Kjartansdóttir DV fyrir áleitna og vandaða umfjöllun um kynferðisbrotamál og forystu um skrif á þessu sviði, svo sem um biskupsmálið og önnur meint kynferðisbrot innan kirkju og trúfélaga. Í skrifum sínum um kynferðisbrotamál náði Ingbjörg Dögg að sameina mikilvæga kosti vandaðrar rannsóknarblaðamennsku um viðkvæm mál. Annars vegar fjallaði hún um viðfangsefni sín af vandvirkni og sýndi viðmælendum þá virðingu sem leiðir til trúnaðar milli blaðamanns og heimildamanna. Hins vegar fylgdi hún málum eftir til enda, elti uppi lausa enda og velti við þeim steinum sem þurfti til að fá botn í málin. Árangurinn lét ekki á sér standa og bæði ný mál og mál sem um árabíl hafa legið í þagnargildi komust upp á yfirborðið.

Besta umfjöllun ársins 2010

Fréttastofa RÚV, Fréttastofa Stöðvar 2 og Ritstjórn Morgunblaðsins fyrir umfangsmikla og vandaða en ólíka umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Það er mikil áskorun fyrir fjölmiðla að fjalla um náttúruhamfarir á borð við eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Þar kom saman stórfenglegt sjónarspil náttúrunnar, vídtæk félagsleg, tilfinningaleg og efnahagsleg áhrif á fólk á hamfarasvæðunum og lamandi áhrif á flugumferð og ferðamöguleika fólks í heilum heimsálfum. Því var það vandasamt að fjalla með heildstæðum og vonduðum hætti um svo margslungna atburði. Fréttastofur RÚV og Stöðvar 2 ásamt ritstjórn Morgunblaðsins sýndu hver með sínum hætti blaðamennsku í sérflokk í umfjöllun sinni um þessar hamfarir. Allir náðu þessir miðlar að fanga hið myndræna og hrikalega við

gosin en tókst um leið að draga fram hinar margvíslegu afleiðingar fyrir menn, skepnur og samgöngukerfi heimsins. Umfjöllun þessara miðla var umfangsmikil, fjölbreytt og ábyrg, en umfram allt var hún upplýsandi fyrir almenning sem gat ávallt fylgst með stöðu mála og þróun í þessum ögnvænlegu samskiptum manns og náttúru.

Blaðamannaverðlaun ársins 2010

Kristinn Hrafnsson RÚV/WikiLeaks fyrir framúrskarandi úrvinnslu á myndbandi um þyrilúarárs í Bagdad sem hann vann ásamt Inga R. Ingasyni. Einnig fyrir störf hans sem fulltrúi WikiLeaks í samstarfi við helstu fjölmiðla heims við að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri. Myndbandið af þyrilúarársinni á borgara í Bagdad í júlí 2007, sem leikið var til WikiLeaks, vakti heimsathygli enda var þar um einstakt og áhrifamikið efni að ræða. Úrvinnslan og eftirfylgdin sem kom í kjölfarið og birtist m.a. í nokkrum hlutum í Kastljósi RÚV sýndi hið firrta eðli nútíma hernaðar og færði reynslu og örlög fórnarlamba heim í íslenskar stofur. Jafnframt var varpað fram mikilvægum spurningum um tilgang og framgang stríðsins í Írak. Tekið var jafnt á þjóðfélagslegum sem persónulegum hliðum málsins með aðgengilegum og yfirveguðum hætti. Kristinn Hrafnsson sýndi í þessu máli framúrskarandi blaðamennsku og hélt í framhaldi af því uppi merki faglegra gilda í starfi sínu hjá WikiLeaks, þar sem hann m.a. vann að því að miðla mikilvægum en viðkvæmum upplýsingum til þeirra alþjóðlegru fjölmiðla sem WikiLeaks var í samstarfi við. Kristinn var þannig í mikilvægu framvarðarhlutverki þegar blaðamennska í heiminum var að vinna ný lönd.



Ingbjörg Dögg tekur við verðlaunum úr hendi Björns Vignir Sigurpálssonar dómnefndarmanns.



Dómnefndarmennirnir Svanborg Sigmundsdóttir t.v. og Kristín Þorsteinsdóttir afhenda Kristni Hrafnssyni verðlaunagripinn.

Öflug fagvitund vörn lýðræðis

Hér á eftir fer ávarp Birgis Guðmundssonar, formanns dómnefndar Blaðamannaverðlaunanna, við afhendingu verðlaunanna í Gerðarsafni þann 26. febrúar sl.

Blaðamannaverðlaunin eru nú veitt í áttunda sinn. Samkvæmt reglugerð verðlaunanna eru þau veitt „til viðurkenningar fyrir framúrskarandi frammi- stöðu og gott fordæmi í íslenskrí fjölmiðlun,“ eins og segir í 1. grein.

Íslenskir fjölmiðlar, líkt og fjölmiðlar vítt um heim, hafa í kjölfar fjármála- hrunsins þurft að takast á við erfitt rekstrarumhverfi, minnkandi tekjur og samdrátt á öllum sviðum. Slíkt um- hverfi getur verið faglegri blaða- mennsku mikil ógn, bæði hér á landi og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þegar þrengra er í búi er veruleg hættu á að aðhaldið bitni á gæðum og faglegum kröfum og þess vegna hafa blaðamannasamtök vítt um heim á umliðnum misserum talið ástæðu til að efna til sérstakra átaka til varnar fagmennsku – til varnar hefðbundum gildum blaðamensk-

unnar. Slík vakning hefur vissulega náð til Íslands eins og við í dómnefnd verðlaunanna höfum komist að, því íslenskir blaðamenn eru í yfirgnæfandi tilfelli að vinna gott og öflugt starf. Á tímum efnahagslegra þrenginga og sparnaðar á ritstjórnum er öflug fagvitund og heilindi blaðamanna sjálfrá gagnvart almannahag sú vörn lýð- ræðis og upplýstra samfélagshátta sem mestu skiptir, og ég fullyrði eftir að hafa skoðað talsvert af afrakstri blaðamennsku ársins 2010 að þessi vakt er vel mönnuð nú um stundir.

Á þeim tíma sem verðlaunin hafa starfað hafa nokkrir tugir blaðamanna af flestum miðlum landsins fengið tilnefningu eða verðlaun. Oftast eru það einstaklingar sem hafa fengið tilnefningu, en þó hefur það komið fyrir að heilar ritstjórnir fá tilnefningu, líkt og gerst hefur í ár í flokknum Besta um- fjöllun ársins 2010.

Í heildina hafa heldur fleiri karlar en konur hlotið verðlaun og tilnefningar þó sum árin hafi konur verið í meiri- hluta vinningshafa.

Ég tala hér jöfnum höndum um til-

nefningarnar og verðlaunahafana. Það er með vilja gert vegna þess að tilnefningarnar gefa e.t.v. betri mynd af stöðu blaðamennskunnar – í til- nefningunni sjálfri felst mikil viður- kenning og oft hefur það verið lítið sem skilur á milli þeirra sem hreppa verðlaunin sjálf og hinna sem tilnefnd- ir hafa verið.

Tilnefningar dómnefndar til Blaða- mannaverðlauna fyrir 2010 voru kunn- gerðar sl. laugardag, en það eru þrjár tilnefningar í hverjum flokki, eins og reglugerð verðlaunanna gerir ráð fyrir. Ég vil nú biðja samstarfsmenn mína í dómnefndinni, þau Jóhannes Tómas- son, Kristínu Þorsteinsdóttur, Svan- borgu Sigmarsdóttur og Björn Vigni Sigurpálsson að koma hér upp og að- stoða mig við að tilkynna um verð- launahafana.

Verðlaunaflokkarnir eru allir jafngild- ir og munum við afhenda verðlaunin í þeirri röð sem þau eru tilgreind í reglu- gerðinni um verðlaunin: fyrst Rann- sóknarblaðamennska ársins 2010, þá Besta umfjöllun ársins 2010 og loks Blaðamannaverðlaunin 2010.



Birgir Guðmundsson, formaður dómnefndar, flytur ávarp.



Jóhannes Tómasson dómnefndarmaður afhendir Kristjáni Má Unnarssyni verðlaunagrip Stöðvar 2.

Starf ljósmyndarans er eilíf barátta

*Hér á eftir fer ávarp Kristins Magnússonar, formanns Blaðaljósmyndarafélags Íslands, þegar sýningin **Mynd ársins** var opnuð þann 25. febrúar sl.*

Góðir sýningargestir, verið velkomin á sýningu Blaðaljósmyndarafélagsins hér í Gerðarsafni. Sýning þessi er uppskeruhátíð blaðaljósmyndara á Íslandi og leitast við að sýna það besta sem gert var í blaðaljósmyndun á árinu.

Starf blaðaljósmyndarans er eilíf barátta, barátta við tíma, barátta við

samstarfsmenn um bestu myndina og barátta við ritstjóra um pláss fyrir myndir í blöðunum. Gildi ljósmyndunar á Íslandi hefur farið vaxandi undanfarin ár en enn er þó langt í land. Í nágrannalöndum okkar til dæmis, starfa sérstakir myndritstjórar hjá blöðunum, sem hafa yfirsýn yfir hvaða myndir koma inn og sjá þeir til þess að bestu myndirnar prýði hverja grein fyrir sig. Með auknu samstarfi ljósmyndara og ritstjóra er enn hægt að bæta gæði blaðanna, því hver vill ekki fá vel skrifað og vel myndskreytt blað inn á heimili sitt?

Tvær dómnefndir tóku að sér að velja myndefnið á sýninguna í ár. Annars vegar var það dómnefnd ljósmynda sem skipuð var Thomas Borberg, myndritstjóra Politiken, Önnu Maríu Sigurjónsdóttur, Sigurgeiri Sigurjónssyni, Soffíu Rut Hallgrímsdóttur og Þorkeli Þorkelssyni, sem öll eru ljósmyndarar.

Hins vegar var það dómnefnd fyrir myndbrot ársins, hana skipuðu Ingi R. Ingason, framleiðandi/kvikmyndatökumaður, Sólveig Kr. Bergmann, fréttakona Stöðvar 2 og Þorsteinn J. Vilhjálmsson fjölmiðlamaður.

Úr varð að sýninguna í ár prýða 171 ljósmynd og 19 myndskreið.

Mig langar að þakka öllum þeim sem studdu við bakið á okkur í ár fyrir stuðninginn, Íslandbanki styrkir sýninguna í ár með veglegum verðlaunum og Christofer Lund sá um prentun mynda. Sögur útgafa sjá svo um útgáfu bókarinnar sem fylgir sýningunni í ár. Einnig langar mig að benda fólki á glæsilega sýningu Þorkels Þorkelssonar Búrma, Líf í fjötrum, sem er á neðri hæð safnsins

En nú langar mig að kynna til leiks Önnu Maríu Sigurjónsdóttur og Inga R. Ingason, fulltrúa dómnefnda og Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, sem ætla að tilkynna úrslit.

Takk fyrir.



Kristinn Magnússon, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands, flytur ávarp.





Verðlaunamyndirnar 2010



Dómnefnd:

Thomas Borberg, myndritstjóri Politiken
Sigurgeir Sigurjónsson, ljósmyndari
Soffía Rut Hallgrímsdóttir, ljósmyndari
Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari
Anna María Sigurjónsdóttir, ljósmyndari

Mynd ársins



Ljósmyndari:
Brynjar Gauti Sveinsson



Álit dómnefndar:

Mynd ársins sýnir raunir bænda og skepna undir Eyjafjöllunum meðan á gosi stóð. Myndin fangar helstu hliðar hörmunganna sem fólk upplifði á gostímanum.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Ingvarsson



Álit dómnefndar:

Með íþróttamynd ársins nær ljósmyndarinn að fanga augnablik þar sem frábær íþróttarmaður sýnir sínar bestu hliðar.

Daglegt líf



Ljósmyndari:
*Rakel Ósk
Sigurðardóttir*



Álit dómnefndar:

Myndin sem hlýtur verðlaun í daglegt líf flokknum er tekin undir Eyjafjallajökli. Ljósmyndarinn sýnir hér skoplegt augnablik í annars alvarlegu ástandi.



Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Óskar Páll Elfarsson



Álit dómnefndar:

Tímaritamynd ársins – er góð myndskreyting af vinsælu viðfangsefni.

Portrettmynd ársins




Álit dómnefndar:

Mjög hjartnæm, einföld og heidarleg mynd.



Ljósmyndari:
Kristinn Ingvarsson



Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Vilhelm Gunnarsson



Álit dómnefndar:

Umhverfismynd ársins sýnir eldgosid í Eyjafjallajökli í allri sinni dýrð. Þegar náttúran sýnir mátt sinn er maðurinn varnarlaus.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Gunnar V. Andrússon



Álit dómnefndar:

Það er óþarfi að segja nokkuð um þessa mynd. Hún segir allt sem segja þarf.



Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Ingvarsson



Álit dómnefndar:

Myndröð ársins veitir innsýn í aðstæður sem fæst okkar vildum lenda í. Sérían er „hjartnæm“ og er faglega unnin og af nærgætni.

BÍ kaupir orlofshús og kynnir fjölþættar nýjungar

Menningar- og orlofshúsaáættir BÍ hefur fest kaup á nýju orlofshúsi í Stykkishólmi að Arnarborg 6, en um er að ræða hús í nýju orlofshúsaahverfi í útjaðri bæjarins. Húsið er 105 fermetrar að stærð byggt árið 2006 með þremur svefnherberjum og svefnlofti. Samanlagt er svefnpláss í húsinu fyrir 12-14 manns. Húsinu fylgir verönd og tölvustýrður pottur, auk alls sem tilheyrir nútíma heimilishaldi. BÍ fær húsið afhent í maí og verður það til útleigu til félagsmanna BÍ í sumar. Húsið var keypt af skilanefnd Sparisjóðabankans og kostaði 26 milljónir. Allur húsbúnaður var innifalinn í kaupverði. Þar sem húsið er stærra en önnur orlofshús BÍ verður vikuleigan hærrí eða 25 þús. kr. fyrir vikuna.

BÍ hefur ekki keypt nýtt orlofshús í aldarfjórðung. Raðhúsið á Akureyri var keypt árið 1987 og orlofshúsin í Brekku voru tekin í notkun 1982. Nýja húsið er stærra en önnur hús félagsins og skapar möguleika að því leyti, auk þess sem það er á Vesturlandi, þar sem félagið hefur ekki átt orlofshús áður og opnar möguleika á ferðum um Snæfellsnes og Breiðafjörðinn, auk þess sem Stykkishólmur og sú menning sem þangað er að sækja er í göngufæri. Þá er golfvöllur nánast við húsgaflinn fyrir þá sem hafa áhuga á þeirri íþrótt.

Auk hússins í Stykkishólmi mun BÍ nú í fyrsta sinn bjóða félagsmönnum upp á íbúð til leigu í Bolungarvík. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Íbúðin er rúmgóð og búin öllum húsbúnaði og tækjum. Félagið er með þessa íbúð á leigu í sumar. Með tilkomu þessara tveggja nýju orlofshúsa hefur heildarframboð orlofshúsa á vegum félagsins stóraukist en einnig eru í boði í sumar eins og venjulega íbúðin á Akureyri og tveir bústaðir í Brekku. Standa vonir til að með þessu verði unnt að svara eftirspurn eftir orlofshúsum, en á umliðnum árum hefur það ekki alltaf verið hægt.



Frá hinu nýja orlofshúsi BÍ í Stykkishólmi.

Þessu til viðbótar hefur Blaðamannafélagið bryddað upp á fleiri nýjungum í orlofsmálum. Þannig mun veiðikortið, sem svo er kallað, verða selt félagsmönnum BÍ á 3.500 kr. Handhafar þess korts hafa þá veiðileyfi í fjölda vatna vítt um landið.

Svipað gildir með Útilegukortið sem félagsmenn geta keypt á 8.500 kr. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fríu gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti.

Þá munu félagsmenn geta keypt miða vegna gistingu á hóteli Eddu sem rekur 13 hótél víða um land. Miðinn gildir til gistingu í 2ja manna herbergi með handlaug án morgunverðar. Börn geta gist með foreldrum sínum í herberginu í svefnpoka án aukagjalds samkvæmt nánari reglum. Miðinn til fullgilda félaga í BÍ kostar 6.000 kr. og er hámark 5 miðar á hvern einstakan félagsmann.

Loks má nefna að Blaðamannafélagið verður með til sölu miða í Hvalfjarðargöngin á 580 kr. stykkið.



Viðbrögð BÍ

við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis

Fljótlega eftir útkomu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis á síðasta ári ákvað Blaðamannafélag Íslands að óska eftir því að nefnd tæki að sér að fara yfir skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis með það fyrir augum að skoða þær spurningar sem upp kynnu að vakna hennar vegna um stöðu blaðamenskunnar og frammistöðu í aðdraganda hrunsins. Í þessa nefnd völdust þremmenningar Arna Schram, Björn Vignir Sigurpálsson og Jóhann Hauksson. Sérstök grein var gerð fyrir niðurstöðum nefndarinnar á Pressukvöldi síðastliðið sumar. Hér á eftir fer samantekt á niðurstöðum nefndarinnar hvað varðar viðbrögð við þeim fjórum efnispunktum sem Rannsóknarnefndin setti fram í skýrslunni sem lærdóm fyrir fjölmiðla. Síðan koma svör nefndarinnar við nokkrum spurningum sem varpað var fram í erindisbréfinu sem stjórn BÍ setti nefndinni:

Í lokakafla síðfræðihluta rannsóknarskýrslu Alþingis er komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir fjölmiðlar hafi ekki náð að rækja þetta hlutverk í aðdraganda bankahrunsins. Þeir hafi ekki auðsýnt nægilegt sjálfstæði og hafi ekki verið vakandi fyrir hættumerkjum.

„Flestir miðlarnir voru í eigu sömu aðila og áttu helstu fjármálafyrirtækin og þótt ekki hafi verið sýnt fram á bein áhrif eigenda á fréttaflutning, þá virðist sjálfsritskoðun vera útbreidd í íslensku samfélagi, meðal annars vegna þess hve atvinnutækifæri fjölmiðlamanna eru takmörkuð,“ segir í niðurstöðunum.

Þar segir einnig að fjölmiðlarnir stjórnir líka samfélagsumræðunni með því að setja málefni á dagskrá eða ákveða að ræða þau ekki „og í aðdraganda bankahrunsins áttu þeir stóran hlut í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg,“ segir í niðurstöðunum.

„Fjölmiðlar voru vanbúnir gagnvart þeim miklu breytingum sem urðu á samfélaginu með örum vexti og auknu sjálfræði fjármálageirans sem hafði í för með sér annars konar og vinsamlegri afskipti af fjölmiðlum en fjölmiðlamenn voru vanir. Mörkin milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis riðluðust og sumir viðskiptafréttamenn vingudust úr hófi fram við þá sem þeim var ætlað að fjalla um. Slík óbein áhrif vega eflaust þyngra en bein afskipti einstakra manna af

umfjöllun fjölmiðla,“ segir meðal annars í niðurstöðum fjölmiðlahluta rannsóknarskýrslu Alþingis.

Hvaða lærdóm dregur síðfræðisnefndin síðan af úttekt sinni á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins? Hver eru viðbrögð starfsnefndar BÍ við þeim athugasemdum?

- *Leita verður leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar.*

Megintekjur fjölmiðla koma frá eigendum, áskrifendum og auglýsendum. Rekstur fjölmiðla hefur löngum verið erfiður – ekki síst þegar illa árár í þjóðfélaginu. Það hefur komið niður á starfsöryggi, launakjörum og vinnubrögðum innan fjölmiðlanna. Áherslan er í auknum mæli á magnið en ekki gæðin.

Opinber stuðningur við einkarekna fjölmiðla hefur um árabíl nánast verið bannorð í samfélaginu og innan fjölmiðlastéttarinnar, og lítil pólitískur vilji hefur verið til þess að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði.

Starfsnefnd BÍ telur á hinn bóginn tímabært að endurskoða þessi sjónar-



Arna Schram.



Björn Vignir Sigurpálsson.



Jóhann Hauksson.

mið og íhuga hvort rétt sé að veita fjölmiðlum sérstakar skattaávilnanir eða styrki með það í huga að styðja við rekstur þeirra sem fyrir eru, en einnig til að stuðla að því að fleiri sjái sér fært að koma inn á þennan markað.

- *Styrkja þarf sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi einkaaðila á fjölmiðlum hófleg mörk. Skylt ætti að vera að upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðla á hverjum tíma svo almenningur geti vitað hverjir eigi fjölmiðil og lagt mat á hvort þar sé fylgt fram sjónarmiðum eigenda.*


Ef blaða- og fréttamenn eiga að geta sinnt aðhaldshlutverki sínu og upplýsingaskyldu þarf að verja þá gegn hvers konar þrýstingi, hvort sem hann kemur að utan eða innan. Þess vegna er fyrst og fremst brýnt að efla til muna starfsöryggi stéttarinnar.

Lagaákvæði um sjálfstæði ritstjórna, þar sem meðal annars væri kveðið á um skilyrði áminningar og brottvikningar, væri skref í þá átt og því hvetur nefnd BÍ til samþykktar slíkra reglna hið fyrsta. Þrýstingur á fjölmiðlamenn þarf þó ekki bara að koma að utan heldur líka að innan og þarf því að búa þeim umhverfi sem dregur úr líkunum á sjálfsritsköðun.

Takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum, þar sem enginn einn aðili væri afgerandi í eigendahópnum, væri ein leið til þess að stuðla að því. Jafnframt tekur nefnd BÍ heilshugar undir að það er grundvallaratriði að fyrir liggja hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum er háttað svo að almenningur geti lagt mat á efni fjölmiðilsins út frá því. Upplýsingaskyldan um eigendahópinn er sömu leiðis í takt við þá meginkröfu fjölmiðlamanna að samfélagið sé opið og gegnsætt og þá meginskyldu þeirra að upplýsa og fræða.

- *Efla þarf menntun blaða- og fréttamanna og skapa þeim skilyrði til sérhæfingar í einstökum málaflokkum. Brýnt er að stétt blaða- og fréttamanna efla faglega umræðu og fagvitund meðal félagsmanna.*

Innan háskóla landsins hafa verið í boði sérhæfðar námsleiðir í hagnýtri



Um þessar mundir er ár liðið frá útkomu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Blaðamannafélagið setti sérstakan starfshóp í að skoða hana og meta hver viðbrögð blaðamanna ættu að vera.

fjölmiðlun og Blaðamannafélagið hefur í gegnum tíðina staðið að einstökum námskeiðum, fyrirlesturum eða fagfundum, eitt og sér eða í samstarfi við aðra. Ekki er þó hægt að líta framhjá því að vilji félagsins til að efla faglega umræður hefur oftar en ekki mætt ákveðnu tómlæti félagsmanna. Þeir hafa reynt svoltíð eins og Vinstri grænu kettirnir: Erfiðir í smöðun.

Þá hefur verið uppi viðleitni á sumum fjölmiðlanna að koma sér upp sérhæfðum fréttamönnum á ýmsum sviðum, svo sem á sviði viðskipta- og fjármálalífs. Gallinn var sá á tímum bólnnar að um leið og þessir blaðamenn

voru farnir að kunna eitthvað fyrir sér í fræðunum voru þeir óðar keyptir af fyrirtækjum, stofnunum eða bönkum án þess að fjölmiðlar fengju þar rönd við reist.

Það breytir því þó ekki að félagið þarf ávallt að vera vakandi fyrir því að efla menntun, sérhæfingu og fagvitund félagsmanna og finna þarf leiðir til að styrkja þá viðleitni enn frekar. Jafnvel mætti taka upp nánara samstarf BÍ og fjölmiðlanna í þessum efnum.

- *Koma þarf á faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði*

að tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmunum.

Fjölmiðlafólk hefur löngum verið afar tortryggið á utanaðkomandi eftirlit með fjölmiðlum. Í ljósi, hins vegar, þeirrar umsagnar sem íslenskir fjölmiðlar fá í rannsóknarskýrslu Alþingis fyrir frammistöðu sína í aðdraganda hrunsins væri það nokkur hroki að hafna umhugsunarlaust einhverju slíku aðhaldi. Væntanlega er full samstaða um að hafna hvers konar „yfirfrakka“ eða utanaðkomandi ritstjórnarvaldi gagnvart fjölmiðlunum en einhvers konar faglegur umsagnaraðili gæti komið til álita.

Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að sú skylda hvílir á þeim sem setja lög og reglur að hér sé til staðar lagaumhverfi sem gerir fjölmiðlum kleift að rækta hlutverk sitt í lýðræðisríki. Fjölmiðlamönnum ber að sama skapi að líta sér nær og veita sjálfum sér faglegt eftirlit með sínum eigin reglum, siðareglum, vevísi að faglegum vinnubrögðum.

Í skýrslu síðferðisnefndarinnar kemur fram að íslenskir fjölmiðlamenn hafi fyrir nefndinni nefnt sem hluta af upplýsingavandanum að fjölmiðlafulltrúar fjármálfyrirtækjanna, margir hverjir fyrrverandi fjölmiðlamenn, keppist við að halda upplýsingum frá þeim. Enn frekar hafi þeim þó orðið tíðrætt um hversu lokað samfélagið hafi verið almennt í aðdraganda bankahrunsins, fátítt að upplýsingum hafi verið „lekið“ eða þær borist með einhverjum hætti – enda hafi bæði skort á gagnsæi í samfélaginu og samstaða verið um að rugga ekki bátnum. Fjölmiðlafólk nefnir einnig smæð og einsleitni íslensks samfélags til skýringar á sjálfskipaðri þögguninni. Samsteypuvæðing og fákeppni í atvinnulífi hafi gert það að verkum að fólk varð hrætt

við að missa vinnuna ef það gagnrýndi þá sem það páði lífibrauð sitt af. „Þjóðfélag þöggunar er þjóðfélag óttans,“ segja skýrsluhöfundar.

Erindisbréfið: Spurningar og svör

Í erindisbréfi sem starfsnefnd BÍ fékk frá forsvarsmönnum Blaðamannafélagsins var varpað fram nokkrum spurningum sem nefndarmenn voru beðnir að huga að og þá hvort fjölmiðlahluti skýrslunnar væri nægilega öflugur til að vekja blaðamannastéttina til vitundar.

Lærdómur samkvæmt rannsóknarskýrslu:

- *Leita verður leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar.*
- *Styrkja þarf sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi einkaðila á fjölmiðlum hófleg mörk. Skyld ætti að vera að upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðla á hverjum tíma svo almenningur geti vitað hverjir eigi fjölmiðil og lagt mat á hvort þar sé fylgt fram sjónarmiðum eigenda.*
- *Efla þarf menntun blaða- og fréttamanna og skapa þeim skilyrði til sérhæfingar í einstökum málaflokkum. Brýnt er að stétt blaða- og fréttamanna efli faglega umræðu og fagvitund meðal félagsmanna.*
- *Koma þarf á faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði að tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmunum. (bls. 211)*

Því er auðsvarað: Það er nægur efniviður í skýrslunni til að vekja að minnsta kosti umræður um fagleg gildi og hlutverk hjá blaða- og fréttamönnum.

Erindisbréfið: Svarar skýrslan þeim spurningum sem hafa vaknað um hvort fjölmiðlar hafi rækt hlutverk sitt eða hvort hún kalli á frekari rannsóknir?

Svar: Íslensk blaðamannastétt er um margt enn samofin gamla pólitíska kerfinu og sýnir gamaldags hollustu við gildi þess valdamynsturs sem nú hefur verið afhjúpað sem einn helsti orsakavaldur eina kerfishruns fjármálastofnana heillar þjóðar í lánsfjákræppunni sem reið yfir heiminn árið 2008.

Augljóslega þarf að rannsaka hvernig þöggun og þar með innbyggt kjarkleysi náði tókum á lítilli blaðamannastétt á 320 þúsund manna málsvæði.

Erindisbréfið: Hvað segja niðurstöður Rannsóknarnefndar Alþingis um íslenska fjölmiðla, svo sem rekstrarform, eignarhald, vinnutíma og lýðræði á fjölmiðlum? Er sérhæfingu ábótavart sem og ritstjórn?

Svar: Skilyrði íslenskrar blaðamannastéttar eru með versta móti. Stór hluti hennar er atvinnulaus eftir þrengingar fjármálakreppunnar. Það

áð sínu leyti ýtir undir „lóðréttu“ hollustu við eigendur eða stjórnendur. Þetta er sérlega bagalegt í stétt blaðamanna. Athuganir hafa leitt í ljós að þar sem tekist er á um hlutina með opnum hætti í orðræðu milli starfsmanna og stjórnenda, er mun líklegra að sterk bönd og samheldni myndist en þar sem stjórnendur halda fast við einhliða skipanir að ofan. Af þessu leiðir að árangur og velgengi fyrirtækja er frekar verk óttalausra starfsmanna sem bera höfuðið hátt og leyfist að draga sínar ályktanir og

tefla þeim fram í orðræðu við yfirmenn sem aðra.

Fátækt fjölmiðla gerir að verkum að þeir reyna að draga fram lífið með láglaunuðum og fáum starfsmönnum sem ofhlaðnir eru störfum. Þessa gætir víða um þessar mundir.

Erindisbréfið: Eru fjölmiðlar of opnir fyrir spuna og hagsmunaaflum? Gættum við dregið einhverjar ályktanir af skýrslunni um stöðu blaðamennskunnar og skilyrði?

Svar: Íslenskum fjölmiðlum væri í lófa lagið að fylgja þrautreyndum reglum blaðamanna, sem þróast hafa um áratugi og aftur á nítjándu öld um að þjóna almenningi, að sannreyna, að veita aðhald, að vera vettvangur

upplýstrar umræðu o.s.frv. Því miður er glufan, sem höggvin hefur verið í einkennilegt og innmúrað sérhagsmunabandalag lítillar íslenskrar þjóðar, ekki fyrst og fremst verk íslenskrar blaðamannastéttar. Þetta á sennilega rætur að rekja til vanþroskaðrar fagvitundar hennar, sem háð hefur verið gamaldags skautun íslenska samfélagsins. Það að sínu leyti starfaði á skilmálum fjórflokksins.

Helsta þjargræði íslenskrar blaðamannastéttar er fráhræfing frá hugarfari gamla tímans og bætt fagvitund með stuðningi BÍ og hugsanlega nýrra laga um fjölmiðla. Aukin fagvitund, vinnan við að sannreyna og segja satt, getur aukið kjark íslenskrar blaðamanna til þess að segja það sem þarf að segja, óháð skilmálum stjórn mála eða viðskiptahagsmuna. Íslenskir blaðamenn hafa ekkert að óttast þegar öllu er á botninn hvolft.

Erindisbréfið: Hvað getur BÍ gert í framhaldi af skýrslunni til að efla fagvitund og sjálfstæði blaðamanna?

Svar: Efla þarf faglegt sjálfstæði og sjálfstraust íslenskra blaðamanna. Ný lög um fjölmiðla og fjölmiðlastofu geta stuðlað að bættri fagvitund. er afar þýðingarmikil og ætti að varða leið okkar frá gamla Íslandi/fjórflokka-hugsuninni, í átt að sjálfstæðri og faglegri fjölmiðlun. Reyndin er sú að því betri sem vinnubrögðin eru, því betur sem gögn eru sannreynð, því meir eflist kjarkurinn til að birta þau.

Blaðamenn komast aldrei hjá því að afla gagna, sannreyna þau og segja frá þeim. Ógnir sem stöðjað hafa að íslenskum blaðamönnum snúa að starfsöryggi og starfsframa. Vera má að með aukinni fagvitund og styrk BÍ megi draga úr slíku óryggi. Til dæmis má halda eigendum fjölmiðla betur við efnið um lögmál sannrar blaðamennsku.

Erindisbréfið: Hvaða tæki hefur BÍ (endurmenntun, fræðslu, gagnrýni, kjarasamninga eða annað), ef niðurstaðan er sú að blaðamenn séu vanbúnir til að mæta þrýstingi vegna álags?

Svar: Blaðamannafélagið getur ekki komið í stað menntunar sem blaðamenn öðlast í háskólanámi t.d. fjölmiðlafræðum. BÍ hefur einungis á sínu valdi að styðja við bak blaðamanna þegar þeir mæta óréttmætri gagnrýni eða þegar yfir þeim vofa hótanir vegna t.d. fréttáflutnings. Það verður þó aldrei gert nema á málefnalegum grundvelli. Enn er óljóst hvernig ný fjölmiðlalög kunna að gagnast í þessu efni. – BÍ hefur hins vegar mikla möguleika til þess að hlutast til um bætt kjör, t.d. vinnutíma og fleira. Minna má á það sem bent er á hér að framan, að bestur árangur fyrirtækis næst með starfsfólki sem getur borið höfuðið hátt í lýðræðislegri samvinnu við yfirmenn.



MÁLFARSHORN

Orðaleppar

„Að vera að-veikin“

- Ekki segja: Landsliðið er að spila vel. „er að“ er hér ofaukið. Örugglega ensk áhrif: „They are playing well.“
- *Ég er ekki að fatta þetta orðalag (úff!)
- *Þetta er bara ekki að gera sig (úff!)
- „Inni í myndinni.“ Afar órókrétt og leiðinleg klisja. Merking óljós.
- Á kortinu og uppi á borðinu. Myndlíkingar í stíl við „inni í myndinni“ og merkingin állíka loðin.
- Í farvatninu. Í skandinávískum málum merkir „farvatn“ siglingaleið, en merking þessarar klisju er afar óljós í íslensku.
- Menn fara til útlanda eða fara utan.
- Að ferðast erlendis merkir að ferðast um útlönd (viðkomandi er kominn til útlanda). Skoðið þetta í samhengi við orðasambandið „að ferðast innanlands“.
- Menn geta líka dvalið erlendis
- Rangt er að segja *að fara erlendis (*Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar*)

Enskan læðist inn

- „Í dag“ má ekki nota eins og „today“ á ensku. Rétt er að nota: Nú til dags/ nú á dögum/núna.
- „Talandi um“ er enskuskið orðalag. Rétt er að nota „fyrst minnst er á“.
- Enska nafnorðaveikin: „Engin slysu urðu á fólki.“ Betra að segja: „Enginn slasaðist.“
- „Á sama tíma“ er þýðing úr ensku. Betra að nota: „samþímis“ eða „jafnframt“.
- Íþróttalýsingar eru oft mjög enskuskotnar: „Hinn tuttugu og fimm ára gamli miðframherji skoraði sitt fyrsta mark með liðinu ...“

Fornöfn

Persónufornöfn (ég, þú, hann o.s.frv.) geta ekki vísað til frumlags innan sömu setningar. Afturbeygd fornöfn (sig, sér, sín) vísa innan sömu setningar:

- Jón rakaði sig (s.s. sjálfan sig)
- Jón rakaði hann (s.s. einhvern annan mann)

Samræmi

Samræmi verður að vera:

- Milli frumlags og sagnar
 - Maðurinn sem kom í gær sagði ...
 - Tuttugu og einn maður fórst ...
 - Þúsundur manna slösuðust
- Milli nafnorðs og fornafnsins sem vísar til þess
 - Krakkarnir komu snemma heim, þeir sögðust ...

Sagnir/hættir

Í spumarsetningum er framsöguháttur:

- Geturðu sagt mér hvað klukkan **er**?
 - Þú sagðir mér ekki hvað klukkan **var** orðin margt!
 - Viltu athuga hvort nemendurnir **eru** mættir?
 - Óvíst er hvort nokkuð **verður** úr framkvæmdunum
- Ath. þó eftirfarandi setningar. Þær eru ekki beinar spurningar og einhver vafi til staðar:*
- Hann spyr hvað hæft **sé** í þessu
 - Við spurðum hvort nokkur **kæmi**

Breytt lög Blaðamannafélags Íslands?

Breytingatillögur stjórnar, grundvallaðar á starfi nefndar skipaðrar á aðalfundi 2010. Ný eða breytt ákvæði í lögnum auðkennd með skáletri.

I. kafli – Tilgangur félagsins

- 1.1. Félagið heitir Blaðamannafélag Íslands, BÍ, og er heimilfang þess í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að gæta faglegra og stéttarlegra hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
- 1.2. Blaðamannafélaginu ber:
 - a. Að vinna að bættum *launa- og starfskjörum* félagsmanna.
 - b. Að standa vörð um prent- og tjáningarfrelsi
 - c. Að stuðla að betri aðstöðu félagsmanna til menntunar.
 - d. Að standa fyrir faglegri umræðu meðal félagsmanna og leitast við að hafa áhrif á opinbera stefnu og samfélagslega umræðu um fjölmiðlun og tjáningarfrelsi.
 - e. Að standa vörð um ritstjórnarlegt frelsi og sjálfstæði fjölmiðla.
 - f. Að standa vörð um hagsmunum stéttarinnar gagnvart eignum fjölmiðla, löggjafarvaldi og stjórnvöldum.
- 1.3 Félagið er aðili að Norræna blaðamannasambandinu (NFJ), Alþjóða blaðamannasambandinu (IFJ) og Evrópska blaðamannasambandinu (EFJ).

II. kafli – Aðild og inntökuskilyrði

- 1.1. Félagar geta orðið allir þeir, sem hafa fjölmiðlun að aðalstarfi eða eru fastráðnir starfsmenn ritstjórna á dagblöðum, vikublöðum, sértímaritum, landshlutablöðum, vefmiðlum og fréttastofum útvarps- og sjónvarpsstöðva, svo og aðrir þeir, sem fastráðnir eru við fréttar- og fjölmiðlun þar sem staðið er skil á tilskildum gjöldum til félagsins og sjóða þess.
 - 1.1.1. Þar með eru taldir blaðamenn, fréttamenn, útlits-teiknarar, prófarkalesarar, handritalesarar, ljósmyndarar, ritstjórnar, ritstjórnarfulltrúar, fréttastjórnar, dag-skrárgerðarmenn fréttadeilda útvarps- og sjónvarpsstöðva eða *netmiðla*, hljóð- og tókumenn, tækni- og aðstoðarfólk á dagskrár- og fréttadeildum, og þeir starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem sinna fjölmiðlunartengdum störfum.
 - 1.1.2. Félagar geta einnig verið sjálfstætt starfandi blaðamenn sem standa sjálfir skil á sömu greiðslum til félagsins og sjóða þess; einnig lausamenn í fjölmiðlun sem eingöngu greiða lausamannagjald, sbr. 3.2.
 - 1.1.3. Biðfélagar geta þeir félagsmenn orðið sem hverfa til annarra starfa en vilja halda félagsaðild og félagsnúmeri með greiðslu biðfélagagjalds.
 - 1.2. Hætti félagi starfi í blaðamennsku jafngildir það úrsögn hans úr félaginu kjósi hann ekki að verða biðfélagi. Sömu-

leiðis geta félagar, sem leggja fyrir sig lausavinnu (freelance) haldið fullri félagsaðild.

- 1.3. Félagsmaður, sem kominn er á eftirlaun og er ekki lengur í fullu starfi eða býr við örorku, skal vera undanþeginn greiðslu félagsgjalda. Hann skal þó sem áður njóta félagsréttinda.
- 1.4. Biðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins en ekki atkvæðisrétt.
- 1.5. Þeir sem að mati stjórnar félagsins fullnægja skilyrðum 2.1. verða félagar þegar við ráðningu.
- 1.6. Ágreiningsmálum um félagsaðild er heimilt að vísa til stjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

III. kafli – Félagsgjöld og sjóðir

- 1.1. Félagsgjald skal vera 0,8% af heildarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma hjá þeim félögum, sem eru fastráðnir eftir aðal- og sérkjarasamningum félagsins. *Sjálfstætt starfandi blaðamenn greiða sömu gjöld, þó að lágmarki skv. byrjunarlaunum í 2. flokki kjarasamnings.* Stjórn félagsins getur ákveðið að setja þak á félagsgjöld. Aðalfundur ákveður hverju sinni hvort og þá hversu hátt hlutfall félagsgjalda er lagt í varasjóð og orlofsheimilassjóð.
- 1.2. Biðfélagar greiða 0,5% af byrjunarlaunum í 2. flokki í félagsgjöld. Lausamenn greiða 0,7% af byrjunarlaunum í 2. launaflokki félagsins miðað við janúar ár hvert.
- 1.3. Félagsmaður sem ekki hefur greitt tilskilin gjöld til félagsins í allt að eitt ár telst ekki lengur félagsmaður og dettur út af félagaskrá en getur endurnýjað aðild með greiðslu gjaldfallinna félagsgjalda.
- 1.4. Tekjur félagsins af höfundarréttargreiðslum skulu renna í Menningarsjóð sem starfar samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skv. lögum þar um.
- 1.5. Stjórn félagsins er heimilt að fyrirskipa félögum að leggja niður vinnu hjá vinnuveitanda, sem dregið hefur greiðsluskil í Menningarsjóð blaðamanna, Orlofsheimilassjóð, Endurmenntunarsjóð og Styrktarsjóð, þrjá mánuði eða lengur. Þetta skal þó aðeins gert að beiðni stjórnar sjóðanna. Stöðvun skal tilkynnt með mánaðar fyrirvara.
- 1.6. Hlutverk fyrrgreindra sjóða er eftirfarandi:
 - Menningarsjóður blaðamanna starfar samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sbr. 3.4.
 - Orlofsheimilassjóður, ásamt Menningarsjóði, á fristundahús félagsins sem Orlofsjóður rekur.
 - Styrktarsjóður veitir fjárhagslegan stuðning til félagsmanna og fjölskyldna þeirra svo sem nánar greinin í reglugerð.

- Endurmenntunar- og háskólasjóður veitir félagsmönnum námsstyrki til lengri eða skemmri tíma.

1.7. Reglugerðir og starfsreglur sjóðanna skal vera að finna á vef félagsins.

IV. kafli – Aðalfundur

- 1.1. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok fyrsta ársþróðungs ár hvert og fer hann með æðstu stjórn félagsins.
- 1.2. Til aðalfundar skal boðað með auglýsingu í fjölmíðlum og á heimasíðu félagsins með minnst mánaðar fyrirvara. Dagskrár skal getið í fundarboði. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 1.3. Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:
 - Setning fundar
 - Lögmæti aðalfundar staðreynt
 - Kjör fundarstjóra og fundarritara
 - Skýrsla stjórnar
 - Skýrsla gjaldkera skv. framlögðum ársreikningi
 - Skýrslur sjóða skv. framlögðum ársreikningum
 - Skýrsla síðanefndar BÍ
 - Tillögur til breytinga á lögum félagsins
 - Atkvæðagreiðsla um framlagðar breytingar á lögum félagsins
 - Kosning formanns
 - Kosning þriggja aðalmanna í stjórn og eins/tveggja varanna (sbr. 4.5. 1.)
 - Kosning þriggja manna í Síðanefnd BÍ og þriggja varanna
 - Kosning þriggja manna í stjórn Menningarsjóðs BÍ
 - Kosning þriggja manna í stjórn Styrktarsjóðs BÍ og þriggja varanna
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara
 - Kosning fimm manna í dómnefnd Bláðamannaverðlaunanna
 - Kosning kjörnefndar
 - Önnur mál
- 1.4. Fyrir aðalfundi skulu liggja endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess og skriflegar skýrslur um starfsemi liðins árs. Allar skýrslur til aðalfundar skal jafnframt birta á vef félagsins.
- 1.5. Aðalfundur kys formann og sex menn í aðalstjórn og þrjá til vara úr hópi fullgildra félagar.
 - 1.5.1. Framboði til formanns félagsins skal skila inn til skrifstofu félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Þriggja manna kjörnefnd, sem kjörin er á aðalfundi og starfar allt árið, skal skila inn tillögum að framboðum í stjórn a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Öllum félögum BÍ er heimilt að bjóða sig fram til annarra embætta en formanns á sjálfum fundinum. Formaður er kosinn til eins árs í senn, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Annað árið skal kjósa 3 aðalmenn og 1 varamann, og hitt árið 3 aðalmenn og 2 varamenn. Komi til formannskosningar sér kjörnefnd um framkvæmd kosningarinnar, m.a. hvað varðar opnu kjörfundar og utankjörfundar-atkvæðagreiðslu.

1.5.2. Ef formaður er kosinn úr hópi þeirra stjórnarmanna, sem eiga eitt starfsár eftir, skal kjörinn maður í stjórnina til eins árs í hans stað. Sama gildir ef varastjórnarmaður er kjörinn í aðalstjórn.

1.5.3. Hætti aðalstjórnarmaður á kjörtímabilinu, gengur sá varamaður, er flest atkvæði hlaut á aðalfundi, upp í aðalstjórnina. Séu varastjórnarmenn sjálfkjörnir skal aðalfundurinn engu að síður ákvarða röð þeirra með hlutkesti.

1.6. Síðanefnd BÍ skipa fimm menn. Aðalfundur kys formann, varaformann og meðnefndarmann og þrjá varamenn. Útgefendur tilnefna einn í nefndina og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn. Varamenn þeirra skulu koma úr hópi varanna kjörnum á aðalfundi. Nefndin skal taka til meðferðar og fella úrskurði í þeim málum, sem henni ber að fjalla um samkvæmt siðareglum félagsins. Nefndin skal leggja fram skriflegt yfirlit um störf sín á aðalfundi.

1.7. Aðalfundur kys þrjá menn og einn til vara í stjórn Menningarsjóðs BÍ, sem jafnframt annast málefni Orlofsheimilasjóðs og endurmenntunar- og háskólasjóðs

1.8. Aðalfundur kys þrjá menn í stjórn Styrktarsjóðs BÍ og þrjá til vara.

1.9. Aðalfundur kys tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir endurskoða reikninga félagsins, menningarsjóðs, orlofsheimilasjóðs og annarra sjóða.

1.10. Aðalfundur kys fimm manna úthlutunarnefnd vegna Bláðamannaverðlauna.

1.11. Ef fyrrséð er að ekki takist að tæma dagskrá aðalfundar, eða aðrar jafngildar ástæður ber upp, getur aðalfundur ákveðið að framhaldsaðalfundur verði haldinn innan tilsetts tíma.

V. kafli – Félagsstjórn

1.1. Formaður kallar saman fundi í stjórn félagsins og stýrir þeim en varaformaður í forföllum hans. Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins og annað starfslið, hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og ber á henni fulla ábyrgð.

1.2. Félagsstjórn kys úr sínum röðum varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum eftir hvern aðalfund. Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda sérstaka framkvæmdanefnd, sem hafa skal umsjón með daglegum rekstri félagsins í félagi við framkvæmdastjóra og í samræmi við samþykktir félagsfunda og félagsstjórnar.

1.3. Félagsstjórn gerir starfsáætlun fyrir hvert starfsár.

1.4. Félagsstjórn boðar til almennra félagsfunda og annast reglulega útgáfu félagstíðinda.

1.5. Heimilt er einstökum starfs- eða faghópum innan BÍ að stofna sérstakar félagsdeildir. Stjórnir deildanna skulu skipaðar þremur mönnum, sem kjósa skal á deildarfundi fyrir aðalfundi BÍ ár hvert. Deildarfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum ritara og gjaldkera. Stjórnin kallar saman deildarfundi þegar þurfa þykir og stýrir starfi deildarinnar í samráði við aðalstjórn félagsins. Stofnun einstakra félagsdeilda skal háð samþykki stjórnar BÍ og aðalfundar lög deildarinnar hljóta staðfestingu hennar og aðalfundar áður en þau öðlast gildi.

- 1.6. Lausráðnir blaða- og dagskrárgerðarmenn sem vinna að fréttatengdu efni, mynda sérstaka félagsdeild, er tekur til landsins alls. Stjórn hennar skal kosin á deildarfundum í ársbyrjun ár hvert á sama hátt og tilgreint er í 4.1. og 4.2. Inntökubeiðnir skulu hljóta samþykki stjórnar BÍ. Lög deildarinnar skulu hljóta staðfestingu stjórnar BÍ.

VI. kafli – Trúnaðarmenn

- 1.1. Félagsmenn á hverjum vinnustað skulu velja sér trúnaðarmenn og tilkynna kjör þeirra á aðalfundi. Trúnaðarmenn mynda trúnaðarmannaráð.
- 1.2. Félagisstjórn skal efna til funda með trúnaðarmannaráði minnst tvisvar á ári. Nýjum trúnaðarmönnum skal kynna rækilega efni Reglugerðar um réttindi og skyldur trúnaðarmanna Bláðamannafélags Íslands.

VII. kafli – Kjarasamningar og vinnudeilur

- 1.1. Bláðamannafélag Íslands fer með samningsrétt fyrir alla félagsmenn, einnig starfsmenn fjölmiðla í opinberri eigu, óski meirihluta þeirra í BÍ eftir því. Starfsmenn fjölmiðla í opinberri eigu hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir félagar í BÍ gerist þeir fullgildir félagar.
- 1.2. Samningaráð skipa sjö félagsmenn. Formaður og varaformaður eru sjálfkjörnir í samningaráð en aðalfundur kýs fimm aðalmenn og þrjá til vara samkvæmt tilnefningu stærstu vinnustaða á félagssvæðinu. Varamenn ganga upp í samninganefndina með sama hætti og varamenn í félagisstjórn, sbr. 4.5.3. Samningaráð kýs sér formann. Framkvæmdastjóri félagsins starfar með samningaráði skv. ákvörðun félagisstjórnar.
- 1.3. Samningaráðið annast kröfu- og samningagerð félagsins vegna kjarasamninga í samráði við félagisstjórn, trúnaðarmannaráð og samninganefndir einstakra vinnustaða eftir atvikum og í samræmi við ákvarðanir félagsfundar.
- 1.4. Félagisstjórn, samningaráð og trúnaðarmannaráð hafa heimild til að boða og aflýsa verkfalli eða öðrum kjaradeiluaðgerðum að fengnu samþykki félagsfundar eða fundar viðkomandi starfsmanna á einstökum vinnustöðum, eins og við á hverju sinni.
- 1.5. Félagisstjórn, samningaráði og trúnaðarmannaráði er heimilt að veita ritstjórum eða fréttastjórum ljósvaka- og netmiðla undanþágu í verkfalli, enda gangi þeir á engan hátt í störf annarra félagsmanna.
- 1.6. Stjórn Lausamannadeildar getur gert samninga við einstaka útgefendur eða samtök þeirra. Slíkir samningar taka gildi eftir að hafa hlotið samþykki félagisstjórnar, samningaráðs og trúnaðarmannaráðs.
- 1.7. Starfsmönnum tiltekins vinnustaðar er heimilt að gera sér-samning um kaup og kjör. Skulu þeir tilkynna samninga-

ráði um það að minnsta kosti tólf vikum áður en kjarasamningur rennur út. Í hverri vinnustaðasamninganefnd skulu sitja a.m.k. tveir fulltrúar samningaráðs BÍ, en þrjú eða fimm fulltrúar starfsmanna, þar á meðal trúnaðarmaður/menn þeirra. Sér-samningar skulu staðfestir af félagisstjórn, samningaráði og trúnaðarmannaráði áður en þeir eru bornir undir atkvæði viðkomandi félagsmanna sbr. 7.8.

- 1.8. Nýir kjarasamningar skulu kynntir og bornir undir atkvæði á almennum félagsfundum eða fundum viðkomandi félagsmanna á tilteknum vinnustað, þegar það á við, eigi síðar en tveimur vikum eftir að þeir eru undirritaðir og skal fundurinn auglýstur á heimasíðu BÍ. Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga skal vera leynileg. Einnig er heimilt að hafa póstatkvæðagreiðslu um kjarasamninga, sbr. ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr 80/1938. Einfaldan meirihluta þarf til að samþykkja kjarasamninga eða hafna þeim.

VIII. kafli – Félagsskírteini

- 1.1. Bláðamannafélagið gefur út félagsskírteini sem hefur tvíþættan tilgang: staðfestingu á félagsaðild og til að auðvelda félagsmönnum aðgang í sínu starfi.
- 1.2. Sérhver félagismaður skal fá félagsskírteini félagsins eftir fjögurra mánaða starf, enda haldi hann áfram störfum við fjölmiðlun. Í skírteininu skal vera mynd af félagsmanni ásamt upplýsingum um nafn, kennitölu, starfsheiti og vinnustað.
- 1.3. Skírteinið skal jafnan endurnýjað í byrjun árs, enda sé félagismaður þá skuldaus við félagið.
- 1.4. Einungis handahafa er heimilt að nota skírteinið. Sé það misnotað, má innkalla það um lengri eða skemmri tíma skv. ákvörðun félagisstjórnar.
- 1.5. Biðfélagar fá ekki félagsskírteini.
- 1.6. Hægt er að skjóta ágreiningi um útgáfu bláðamanskírteinis til félagisstjórnar.

IX. kafli – Félagaskrá

- 1.1. Félagisstjórn skal halda skrá yfir félagsmenn. Listi yfir félagsmenn skal birtur í félagstíðindum og á heimasíðu BÍ.

X. kafli – Lagabreytingar

- 1.1. Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og teljast lagabreytingar því aðeins samþykktar, að tveir þriðju hlutar fundarmanna greiði þeim atkvæði. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir 1. febrúar ár hvert. Þær skulu sendar félagsmönnum með fundarboði og/eða kynntar rækilega á vefsíðu félagsins.

Lög BÍ eins og þau eru nú

I. kafli – Tilgangur BÍ

- 1.1. Félagið heitir Blaðamannafélag Íslands, BÍ, og er heimilsfang þess í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að gæta faglegra og stéttarlegra hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
- 1.2. Blaðamannafélaginu ber:
 - Að vinna að bættum launakjörum félagsmanna.
 - Að stuðla að betri aðstöðu félagsmanna til menntunar.
 - Að standa fyrir faglegri umræðu meðal félagsmanna.
 - Að standa vörð um hagsmuni stéttarinnar gagnvart vinnuveitendum, löggjafarvaldi og stjórnvöldum.
- 1.3. Félagið er aðili að Norræna blaðamannasambandinu NFJ, Alþjóða blaðamannasambandinu IFJ og Evrópska blaðamannasambandinu EFJ.

II. kafli – Aðild og inntökuskilyrði

- 2.1. Félagar geta orðið allir þeir, sem hafa fjölmiðlun að aðalstarfi eða eru fastráðnir starfsmenn ritstjórna á dagblöðum, vikublöðum, sértimaritum, landshlutablöðum, vefmiðlum og fréttastofum útvarps- og sjónvarpsstöðva, svo og aðrir þeir, sem fastráðnir eru við frétt- og fjölmiðlun á launakjörum, sem félagið hefur samið um eða gefið út taxta fyrir. Þar með eru taldir blaðamenn, fréttamenn, útlitsteiknarar, prófarkalesarar, handritalesarar, ljósmyndarar, ritstjórar, ritstjórnarfulltrúar, fréttastjórar, dagskrárgerðarmenn fréttadeilda útvarps- og sjónvarpsstöðva hljóð- og tökumenn, tækni- og aðstoðarfólk á dagskrár- og fréttadeildum.
- 2.3. Hætti félagi starfi í blaðamennsku jafngildir það úrsögn hans úr félaginu. Blaðamenn, sem hafa starfað að blaðamennsku geta þó samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar verið biðfélagar, enda óski þeir eftir því skriflega innan þriggja mánaða frá því hætt var störfum og inni af höndum greiðslur tilskilinna félagsgjalda. Sömuleiðis geta félagar, sem leggja fyrir sig lausavinnu (freelance) haldið fullri félagsaðild.
- 2.4. Félagismaður, sem kominn er á eftirlaun og er ekki lengur í fullu starfi, skal vera undanþeginn greiðslu félagsgjalda. Hann skal þó sem áður njóta fullra félagsréttinda.
- 2.5. Biðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins en ekki atkvæðisrétt.
- 2.6. Þeir, sem að mati stjórnar félagsins, fullnægja skilyrðum fyrstu greinar annars kafla laga þessara, verða félagar þegar við ráðningu.
- 2.7. Ágreiningsmálur er heimilt að vísa til félagsfundar til endanlegrar afgreiðslu.

III. kafli – Félagsgjöld og sjóðir

- 3.1. Félagsgjald skal vera 0,9% af heildarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma hjá þeim félögum, sem eru fastráðnir eftir aðal- og sérkjarasamningum félagsins. Stjórn félagsins getur ákveðið að setja þak á félagsgjöld. Aðalfundur ákveður hverju sinni hvort og þá hversu hátt hlutfall félagsgjalda er lagt í varasjóð og orlofsheimilásjóð.
- 3.2. Biðfélagar greiða 0,5% af byrjunarlaunum í 2. flokki í félags-

gjöld. Lausamenn greiða 0,7% af byrjunarlaunum í 2. launaflokki félagsins miðað við janúar ár hvert.

- 3.3. Tekjur af höfundarréttargreiðslum skulu renna í Menningarsjóð.
- 3.4. Stjórn félagsins er heimilt að fyrirskipa félögum að leggja niður vinnu hjá vinnuveitanda, sem dregið hefur greiðsluskil í Menningarsjóð blaðamanna, Orlofsheimilásjóð, Endurmenntunarsjóð og Styrktarsjóð, þrjá mánuði eða lengur. Þetta skal þó aðeins gert að beiðni stjórnar sjóðanna. Stöðvun skal tilkynnt með mánaðar fyrirvara.

IV. kafli – Aðalfundur

- 4.1. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert og fer hann með æðstu stjórn félagsins.
- 4.2. Aðalfundur skal haldinn í mars- eða aprílmánuði ár hvert. Til hans skal boðað með auglýsingu í Blaðamanninum og á heimasíðu félagsins með minnst hálfs mánaðar fyrirvara. Dagskrár skal getið í fundarboði. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 4.3. Fyrir aðalfundi skulu liggja endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða þess og skýrslur um starfsemi liðins árs.
- 4.4. Aðalfundur kys formann og sex menn í aðalstjórn og þrjá til vara. Framboði til formanns félagsins skal skila inn til skrifstofu félagsins a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund. Kjörnefnd, sem kjörin skal í upphafi aðalfundar, skal skila inn tillögum að öðrum framboðum á aðalfundi. Öllum félögum BÍ er heimilt að bjóða sig fram sem aðalmenn eða varamenn á sjálfum fundinum. Formaður er kosinn til eins árs í senn, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Annað árið skal kjósa 3 aðalmenn og 1 varamann, og hitt árið 3 aðalmenn og 2 varamenn. Ef formaður er kosinn úr hópi þeirra stjórnarmanna, sem eiga eitt starfsár eftir, skal kjörinn maður í stjórnina til eins árs í hans stað. Sama gildir ef varastjórnarmaður er kjörinn í aðalstjórn. Hætti aðalstjórnarmaður á kjörtímabilinu, gengur sá varamaður, er flest atkvæði hlaut á aðalfundi, upp í aðalstjórnina. Séu varastjórnarmenn sjálfkjörnir skal aðalfundurinn engu að síður ákvarða röð þeirra með hlutkesti.
- 4.5. Siðanefnd BÍ skipa fimm menn. Aðalfundur kys formann, varaformann og meðnefndarmann og varamenn þeirra. Útgefendur tilnefna einn í nefndina og Siðræðistofnun Háskóla Íslands einn. Nefndin skal taka til meðferðar og fella úrskurði í þeim málum, sem henni ber að fjalla um samkvæmt siðareglum félagsins. Nefndin skal leggja fram yfirlit um störf sín á aðalfundi.
- 4.6. Aðalfundur kys þrjá menn í stjórn Menningarsjóðs BÍ, sem jafnframt annast málefni Orlofsheimilásjóðs og endurmenntunar- og háskólasjóðs
- 4.7. Aðalfundur kys þrjá menn í stjórn Styrktarsjóðs BÍ og þrjá til vara.
- 4.8. Aðalfundur kys tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir endurskoða reikninga félagsins, menningarsjóðs, orlofsheimilásjóðs og annarra sjóða.
- 4.9. Aðalfundur kys fimm manna úthlutunarnefnd vegna Blaðamannaverðlauna

V. kafli – Félagsstjórn

- 5.1. Formaður kallar saman fundi í stjórn félagsins og stýrir þeim en varaformaður í forföllum hans. Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins og annað starfslíð og hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins.
- 5.2. Félagsstjórn kys úr sínum röðum varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum eftir hvern aðalfund. Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda sérstaka framkvæmdanefnd, sem hafa skal umsjón með daglegum rekstri félagsins í samræmi við samþykktir félagsfunda og félagsstjórnar.
- 5.3. Félagsstjórn boðar til almennra félagsfunda og annast útgáfu félagsstöðva.
- 5.4. Heimilt er einstökum starfs- eða faghópum innan BÍ að stofna sérstakar félagsdeildir. Stjórnir deildanna skulu skipaðar þremur mönnum, sem kjósa skal á deildarfundum fyrir aðalfundi BÍ ár hvert. Deildarfundur kys formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum ritara og gjaldkera. Stjórnin kallar saman deildarfundum þegar þurfa þykir og stýrir starfi deildarinnar í samráði við aðalstjórn félagsins. Stofnun einstakra félagsdeilda skal háð samþykki stjórnar BÍ og aðalfundar lög deildarinnar hljóta staðfestingu hennar og aðalfundar áður en þau öðlast gildi.
- 5.5. Lausráðnir blaða- og dagskrárgerðarmenn sem vinna að fréttatengdu efni, mynda sérstaka félagsdeild, er tekur til landsins alls. Stjórn hennar skal kosin á deildarfundum í ársbyrjun ár hvert á sama hátt og tilgreint er í 5.4. Inntökubeiðnir skulu hljóta samþykki stjórnar BÍ. Lög deildarinnar skulu hljóta staðfestingu stjórnar BÍ.

VI. kafli – Trúnaðarmenn

- 6.1. Félagsmenn á hverjum vinnustað skulu velja sér trúnaðarmenn og tilkynna kjör þeirra á aðalfundi. Trúnaðarmenn mynda trúnaðarmannaráð.
- 6.2. Félagsstjórn skal efna til funda með trúnaðarmannaráði minnst tvisvar á ári. Nýjum trúnaðarmönnum skal kynna rækillega efni Reglugerðar um réttindi og skyldur trúnaðarmanna Blaðamannafélags Íslands.

VII. kafli – Kjarasamningar og vinnudeilur

- 7.1. Blaðamannafélag Íslands fer með samningsrétt fyrir alla félagsmenn, einnig starfsmenn ríkisfjölmiðla, óski meirihluta þeirra í BÍ eftir því. Komi til slíks, skal lögum félagsins breytt þannig, að starfsmenn ríkisfjölmiðla hafi sömu réttindi og skyldur og aðrir félagar í BÍ.
- 7.2. Samningaráð skipa sjö félagsmenn. Formaður og varaformaður skulu sitja í nefndinni en aðalfundur kys fimm aðalmenn og þrjú til vara. Varamenn ganga upp í samninganefndina með sama hætti og varamenn í félagsstjórn, sbr. 4.4. Ráðið kys sér formann.
- 7.3. Samningaráðið annast kröfu- og samningagerð félagsins vegna kjarasamninga í samráði við félagsstjórn, trúnaðarmannaráð og samninganefnd tiltekins vinnustaðar eftir atvikum og í samræmi við ákvarðanir félagsfundar.
- 7.4. Félagsstjórn, samningaráð og trúnaðarmannaráð hafa heimild til að boða og aflysa verkfalli eða öðrum kjaradeiluaðgerðum að fengnu samþykki félagsfundar eða fundar viðkomandi

starfsmanna á einstökum vinnustöðum, eins og við á hverju sinni.

- 7.5. Félagsstjórn, samningaráði og trúnaðarmannaráði er heimilt að veita ritstjórum eða fréttastjórum ljósvakamiðla undanþágu í verkfalli, enda gangi þeir á engan hátt í störf annarra félagsmanna.
- 7.6. Stjórn Lausamannadeildar gerir samninga við einstaka útgefendur eða samtök þeirra. Slíkir samningar taka gildi eftir að hafa hlotið samþykki félagsstjórnar, samningaráðs og trúnaðarmannaráðs.
- 7.7. Starfsmönnum tiltekins vinnustaðar er heimilt að gera sér-samning um kaup og kjör. Skulu þeir tilkynna samningaráði um það að minnsta kosti tólf vikum áður en kjarasamningur rennur út. Í hverri samninganefnd skulu sitja a.m.k. tveir fulltrúar samningaráðs, en þrjú eða fimm fulltrúar starfsmanna, þar á meðal trúnaðarmaður/menn þeirra. Sér-samningar skulu staðfestir af félagsstjórn, samningaráði og trúnaðarmannaráði áður en þeir eru bornir undir atkvæði viðkomandi félagsmanna sbr. 7.8.
- 7.8. Nýgerðir kjarasamningar skulu kynntir og bornir undir atkvæði á almennum félagsfundum eða fundum viðkomandi félagsmanna á tilteknum vinnustað, þegar það á við, eigi síðar en tveimur vikum eftir að þeir eru undirritaðir og skal fundurinn auglýstur á heimasíðu BÍ. Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga skal vera leynileg. Einnig er heimilt að hafa póstatkvæðagreiðslu um kjarasamninga, sbr. ákvæði laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr 80/1938. Einfaldur meirihluti dugir til að samþykkja eða fella kjarasamninga.

VIII. kafli – Félagsskirteini

- 8.1. Sérhver félagsmaður skal fá félagsskirteini félagsins eftir fjögurra mánaða starf, enda haldi hann áfram störfum við fjölmiðlun. Í skirteininu skal vera mynd af félagsmanni ásamt upplýsingum um nafn, kennitölu, starfsheiti og vinnustað.
- 8.2. Skirteinið skal jafnan endurnýjað í byrjun árs, enda hafi félagsmaður þá greitt félagsgjöld sín.
- 8.3. Einungis handahafa er heimilt að nota skirteinið. Sé það misnotað, má innkalla það um lengri eða skemmri tíma.
- 8.4. Félagið gefur einnig út blaðamannaskirteini til þeirra félagsmanna sem þurfa á þeim skirteinum að halda vegna starfa sinna, þ.e. þeirra sem fastráðnir eru til blaðamanns- og fréttamannastarfa á ritstjórnnum og fréttastofum og þeirra sem eru virkir í starfi sem lausamenn. Hægt er að skjóta ágreiningi um útgáfu blaðamannaskirteinis til félagsstjórnar og úrskurðar hún um ágreining.

IX. kafli – Félagaskrá

- 9.1. Félagsstjórn skal halda skrá yfir félagsmenn. Listi yfir félagsmenn skal birtur í félagstöðindum og heimasíðu BÍ.

X. kafli – Lagabreytingar

- 10.1. Félagslögum má aðeins breyta á aðalfundi og teljast laga-breytingar því aðeins samþykktar, að tveir þriðju hlutar fundarmanna greiði þeim atkvæði. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir 1. febrúar. Þær skulu sendar félagsmönnum með fundarboði.



Aðalfundur BÍ 2011



**fimmtudaginn 28. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Bláamannafélags Íslands árið 2011 verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð, þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**

Fjölfróðlegt margmiðlunarnámskeið



Eftir
 Guðna Einarsson

Ég var að gramsa í hillunum í bóka-
 búð í Minneapolis í Minnesota seint á
 síðustu öld þegar ég rakst á bók sem
 hét því forvitnilega nafni „Best News-
 paper Writing“. Hún hafði að geyma
 úrval greina úr bandarískum dag-

blöðum sem þóttu skara fram úr árið
 áður. Ég keypti bókina, las og líkaði
 vel. Útgefandinn var Poynter Institute.
 Mig langaði í meira, hafði uppi á út-
 gefandanum og pantaði nokkrar eldri
 árbækur. Þetta voru mín fyrstu kynni
 af Poynter Institute í Flórída – stofnun
 sem hefur það markmið að þjálfa
 blaðamenn og brýna til betri vinnu-
 bragða. Ég hét sjálfum mér því að
 einn góðan veðurdag skyldi ég fara á
 námskeið hjá Poynter.

Draumurinn rættist á liðnu hausti
 þegar mér gafst tækifæri til að sitja
 námskeiðið „Multimedia Storytelling
 with Video“ hjá Poynter Institute í St.
 Petersburg, Flórída. Ég var búinn að
 skanna úrval námskeiða ársins hjá
 Poynter og leist best á þetta. Taldi

næsta víst að námskeiðið myndi vikka
 út sjóndeildarhring og reynsluheim
 blaðamanns sem skrifar aðallega fyrir
 prentmiðil og netmiðil. Ég sótti um
 með góðum fyrirvara og fékk inn-
 göngu.

Námskeiðið var haldið í höfuð-
 stöðvum Poynter Institute í St. Peters-
 burg í Flórída og stóð dagana 20.-24.
 september 2010. Poynter stofnunin
 stendur við Poynter Park, nálægt Há-
 skóla Suður-Flórída og gegnt Picasso-
 safninu, fyrir þá sem eru kunnugir í
 borginni. Nemendurnir í hópnum voru
 fjórtán talsins, allt reyndir blaða- og
 fréttamenn eða háskólakennarar í
 blaðamennsku. Flestir voru Banda-
 ríkjamennt en útlendingarnir í hópnum
 voru ég og ung kona frá Spáni, sem



Nemendur og kennarar á námskeiði Poynter Institute um margmiðlun. Greinarhöfundur er fyrir miðju í aftari röð. Ljósmynd: Poynter Institute



Alexandra Garcia, margmiðunarblaðamaður við Washington Post, leiðbeinir Benet Wilson (t.v.), yfirmanni vefútgáfu Aviation Week. Carol Wilson, sjónvarpsfréttamaður og Josée Valcourt, netblaðamaður, eru niðursokknar í verkefni sín. Námskeiðið var mjög hagnýtt og nemendur með fingurna á græjunum frá fyrstu stundu.

raunar var í starfsþjálfun á bandarískri sjónvarpsstöð. Skólafélagarnir komu úr öllum áttum í þessu víðfema landi. Þrír háskólakennarar voru þarna að kynna sér nýjungar í margmiðlun. Aðrir störfuðu hjá jafn ólíkum fjölmiðlum og USA Today, Dow Jones, Wall Street Journal, Fox News, Aviation Week og bandarískum netmiðlum – auk Morgunblaðsins og mbl.is þar sem undirritaður vinnur.

Aðalkennari námskeiðsins var Al Tompkins, yfirkennari Poynter á sviði ljósvakamiðla og netmiðla. Hann er þekktur á sínu sviði og bók hans „Aim For The Heart: A Guide for TV Producers and Reporters“ hefur verið notuð sem kennslubók í fjölda háskóla, m.a. hér á landi. Ný útgáfa af henni er væntanleg á þessu ári. Tompkins hefur farið víða um heim til fyrirlestrahalds og þjálfunar. Hann kom hingað til lands fyrir nokkrum árum og leiðbeindi þá starfsmönnum Ríkissjónvarpsins.

Tompkins þótti dvölin hér eftirminni- leg og kvaðst hafa lært að meta Íslendinga og kímni gáfu þeirra. Í fyrsta tímanum vorum við látin kynna okkur. Þegar kom að mér bað hann mig að segja hópnun frá því hvernig við færum með lundapysjurnar hér á Íslandi. Sem innfæddur Vestmannaeyingur var ég þar á heimavelli og gat

sagt frá því hvernig börn og unglingar söfnuðu vegvilltum pysjum í kassa á nóttinni og slepptu þeim í sjóinn á daginn, það er að segja á þeim árum meðan pysjur komust á legg í Vestmannaeyjum.

„... og hvers vegna gerið þið þetta?“ spurði Tompkins ísmeygilegur og ruggaði sér í stólnum. Ég þóttist vita hvað hann var að fara og svaraði:

„Það er vegna þess að þegar þær eru orðnar stórar þá veiðum við þær og borðum.“ Sem vænta mátti brutust út nokkur kvein og stunur yfir þessari grimmd, því kjöt verður að sumra mati til í búðum. Einn skólafélaginn var þó ekki meiri harmi sleginn en svo að hann spurði hvort lundi bragðaðist líkt og kjúklingur. – „Nei, hann er líkari hvalkjöti,“ svaraði ég og uppskar nú enn meiri stunur og hróp. Tompkins tók hins vegar bakföll af hlátri, sló sér á lær og sagði: „Ekta Íslendingur“ – „Always yanking the chain!“ (Alltaf að ganga fram af öðrum).

Hinn aðalkennarinn var Regina McCombs, en hún er í kennaraliði Poynter Institute. Sérsvið hennar eru m.a. margmiðlun og farandblaðamennska eða bakpokablaðamennska. Þau hugtök eru notuð um blaðamenn sem vinna utan ritstjórnarskrifstofa en fara með tækjabúnað á vettvang og geta sent þaðan texta, myndir og myndskleið ef svo ber undir. McCombs fylgist grannt með tækninýjungum og getur þulið endalausán fróðleik um allar nýjustu græjurnar, kosti þeirra og galla.

Alexandra Garcia, margverðlaunaður margmiðunarblaðamaður við Washington Post, var með okkur mestallan tímann og aðstoðaði við hagnýta




Poynter Institute býr yfir góðum tækjakosti og hugbúnaði sem þarf til að gera margmiðunarefni. Hver nemandi fékk aðgang að öflugri tölvu til að klippa hljóðritanir og myndskleið. Einnig myndavélum, hljóðnemum og öðru sem til þurfti. Í fremstu röð sitja f.h.: Zack Albert, blaðamaður við USA Today, Burt Buchanan, aðstoðarprófessor við Auburn University og Laura Downey, gestaprófessor við Florida A&M University.

kennslu auk þess að halda fyrirlestra um gerð myndskaiða og sjónvarpsþátta með DSLR myndavélum. Það eru t.d. myndavélar á borð við Canon 5D Mark II sem geta tekið hágæða myndskaið ekki síður en ljósmyndir.

Fleiri fyrirlesarar fjölluðu um afmörkuð efni eins og öra þróun netmiðla í Bandaríkjunum en þar er t.d. keðja svæðisbundinna netmiðla að opna sífellt fleiri ritstjórnir. Blaðamennirnir fara um með fartölvur og stafrænar myndavélar, safna efni og skjóttast svo inn á næsta netkaffihús, skrifa fréttina og vista á vefnum. Fréttastjórnin er sá eini sem hefur fast aðsetur og fylgist með að allt standist kröfur um gæði og efnisinnihald.

Langir skóladagar

Dagskráin var mjög þéttskipuð og kennsludagarnir yfirleitt um tíu stunda langir. Kennslan fór fram í margmiðlunarvinnustofu skólans þar sem hver og einn nemandi hafði aðgang að öflugri tölvu með forritum til hljóð- og myndvinnslu. Eftir ítarlega kennslu Al Tomkins um „Boðorðin tíu“ í gerð myndskaiða og fleira fengum við fræðslu um verkfærin sem við áttum að nota, hljóðnema, myndbandstökuvélar og DSLR vélar.



Al Tompkins var annar aðalkennaranna á námskeiðinu. Hann er mjög þekktur á sínu sviði og hefur kennslubók hans um fjölmiðlun víða verið notuð. Tompkins hefur yfirumsjón með kennslu á sviði ljósvakamiðla og netmiðla hjá Poynter Institute.

Við fengum grunnþjálfun í hljóðvinnslu og klippingu myndskaiða. Eftir aðeins tveggja daga stífa kennslu áttum við að stökkva í djúpu laugina. Hvert um sig fékk sína tókuvél og hljóðnema og svo vorum við skikkuð til að mæta á sviðsettan blaðamanna-

fund. Þar þurftum við að troða hverju öðru um tær til að ná sem bestu sjónarhorni um leið og við spurðum hvert í kapp við annað, tókum innslög þröng, miðlungs og víð áður en við stukkum í vinnustofuna að klippa fréttina. Þetta var ný reynsla fyrir mig og raunar flesta þarna því þaulvana sjónvarpsfréttafólkið kvartað yfir því að vera ekki með sinn tókumann og klippara.

Þegar leið að lokum námskeiðsins vorum við send út af örkinni með tókuvél að morgni dags. Okkur var úthlutaður ákveðinn borgarhluti og þar skyldum við finna okkur efni í frétt eða viðtal, vera komin í hús á tilteknum tíma og búin að skila fullbúna innslagi upp á 2-3 mínútur fyrir „deadline“ síðdegis. Ég var svo heppinn að rekast á pylsusólukonu sem hafði áhugaverða sögu að segja. Maðurinn hennar hafði farið út í rekstur pylsuvagns 14 árum áður til að upplifa frelsið sem sjálfstæður atvinnurekandi. Um tíma voru þau með tvo pylsuvagna á aðalgötunni í St. Petersburg. Nú var orðin breyting á. Maður konunnar hafði farið í mótörhjólaslysi nokkrum mánuðum fyrr og hún var að takast á við sorgina eftir missinn og reyna að ráða í framtíðina.

Undir lok námskeiðsins horfðum



Regina McCombs (t.v.) var annar aðalkennari námskeiðsins. Hún er yfirmaður margmiðlunar og farandblaðamennsku hjá Poynter Institute. Hér skoðar hún möguleika iPhone síma til fréttaoöflunar ásamt Alexöndru García, margmiðlunarblaðamanni, sem var gestakennari á námskeiðinu.

við á öll myndskleiðin og fengum faglega gagnrýni og umsögn. Ég held að allir hafi verið jafn hissa þegar við sáum hvað þetta var glettilega gott þrátt fyrir alla gallana. Saga viðmælanda míns kallaði fram sterk viðbrögð og sumir tátuust.

Ég kom af þessu námskeiði ríkarí að þekkingu og reynslu og með ýmsar hugmyndir í farteskinu. Myndskleiðin af barnabörnunum eru líka miklu flottari núna! Þá kynntist ég góðu fólki sem ég held sambandi við. Einn samnemenda minna hefur þegar komið til Íslands og vill helst flytja hingað! Þetta var næstum því fullkomin vika, nema ég held ég hafi ekki lært neinn nýjan brandara. Enginn tími fyrir svo leiðis enda var þetta ekkert grín!

Höfundur er blaðamaður á Morgunblaðinu og mbl.is.



Stytta af „Nelson“, sem nefnd er eftir Nelson Poynter, stofnanda Poynter Institute, er vinsælt viðfangsefni nemenda. Hér eru þeir að æfa sig að taka myndskleið á Canon DSLR myndavél sem tekur hvort heldur ljósmyndir eða hreyfimyndir.

Endurmenntun í umbreytingu

– viðtal við Paul Pohlman, yfirkennara og ráðgjafa forseta Poynter Institute

Poynter stofnunin einbeitti sér fyrstu árin að námskeiðahaldi í St. Petersburg í Flórída og víðar um Bandaríkin. Hin síðari ár hafa áherslur breyst og nú eru námskeið haldin á netinu og staðbundin námskeið víða um heim.

„Fyrir um sjö árum sáum við að það gætu ekki allir sem vildu komið til Poynter. Stafrænar leiðir til kennslu voru farnar að ryðja sér til rúms og háskólar farnir að bjóða upp á stafræn námskeið,“ sagði Paul Pohlman, yfirkennari og sérlegur ráðgjafi forseta Poynter Institute. „Við ákváðum nokkuð snemma að við vildum ná til miklu fleiri – allra þeirra sem gátu ekki komið hingað. Við leitum til Knight-stofnunarinnar. Hana stofnuðu Knight-bræðurnir sem m.a. áttu Knight-Ridder útgáfufélagið sem gefur út fjölda dagblaða. Þeir stofnuðu snemma stofnun til að stuðla að fréttamiðlun og mennt-

un blaðamanna. Knight-stofnunin veitti okkur fimm milljón dollara styrk til að stofna NewsU (News University) árið 2005, sem er endurmenntunarstofnun á netinu. Við réðum Howard Finburg til að koma NewsU af stað. NewsU er stór hluti af starfsemi okkar núna.“ Þeir Knight-bræður veittu NewsU aftur stóran styrk í fyrra, fimm árum eftir að stofnframlagið var veitt.

Poynter Institute nýtur viðurkenningar bandarískra yfirvalda sem endurmenntunarstofnun fyrir atvinnulífið. Pohlman sagði að nú sé unnið að því að geta veitt viðurkenningar, eða prófskrifteini, fyrir tekin námskeið. Þá þarf nemandi t.d. að taka fimm námskeið á tilteknu sviði og standast námskröfur til að fá prófskrifteini. Pohlman sagði blaðamenn utan Bandaríkjanna leggja áherslu á að fá nám sitt viðurkennt með einhverjum hætti.

Hagnýt kennsla og þjálfun í fyrirrúmi

Áherslan hjá Poynter Institute er fremur á hagnýta fræðslu en fræðilegar úttektir og rannsóknir. Pohlman sagði að Poynter sé fyrst og fremst þjálfunarstofnun og endurmenntunarstofnun fyrir starfandi blaðamenn.

„Kennaralið okkar er meira í hómánískum fræðum en félagsfræðum. Þeir leggja áherslu á ritlist og ritstýringu en stunda ekki félagsvísindalegar rannsóknir. Þetta er fyrst og fremst hagnýt fræðsla. Við reynum að hafa heildræna sýn og leggjum áherslu á meginreglur vandaðrar blaðamennsku og siðræn gildi. Sum námskeið snúast um ritlist og ritstýringu og önnur um tæknileg efni. Það sem við kennum er hagnýtt en þó er ekki allt námið tæknilegs eðlis,“ sagði Pohlmann. Hann sagði einnig talsverða áherslu lagða á



Paul Pohlman er yfirkennari og sérlegur ráðgjafi forseta Poynter Institute. Hann kom fyrst að Poynter Institute sem gestakennari árið 1981. Pohlman hafði þá verið kennari í stjórnumunarfræðum við Háskólann í Chicago í aldarfjórðung. Chicago-háskóli var ekki með námsbraut í blaðamennsku en kennarar skólans í stjórnumunarfræðum héldu oft námskeið í ýmsum fyrirtækjum. Það kom í hlut Pohlman að kenna stjórnendum á dagblöðum á vegum samtaka bandarískra dagblaðaútgefenda. Hann fór um öll Bandaríkin og hélt á hverju ári 10-15 stjórnumunarnámskeiði fyrir yfirmenn og millistjórnendur dagblaða. Pohlman var fast-ráðinn við Poynter árið 1990 og er í forystuteymi stofnunarinnar. Pohlman situr við hlið stytta í pálmagarði Poynter stofnunarinnar. Margir halda að stytta sé af Nelson Poynter, stofnanda Poynter Institute. Svo er ekki en stytta gengur samt undir nafninu Nelson.

kennslu í stjórnun og þjálfun yfirmanna á fjölmiðlum.

Flestir nemendur Poynter Institute eru bandarískir en nokkrir erlendir nemendur hafa þó komið á hverju ári. Stofnunin er í formlegu samstarfi við Danska blaðamannaháskólann og endurmenntunarstofnun hans Update (www.update.dk). Kennarar frá Poynter hafa haldið námskeið í Danmörku og Poynter hefur sett upp sérstök námskeið fyrir Danina í Flórída. Þannig fóru t.d. tveir hópar danskra blaðamanna, 18 í hvorum hópi, til St. Petersburg í desember 2010 á tvö vikulöng námskeið. Annað fjallaði um skrif skoðanagreina (opinion writing) og hitt var sérstaklega ætlað yfirmönnum fjölmiðla. Enn fleiri námskeið eru ráðgerð fyrir danska blaðamenn hjá Poynter á þessu ári og því næsta auk þess sem kennarar frá Poynter kenna á sumarnámskeiðum Update í Danmörku.

Kennarar við Poynter Institute fara víða um heim til kennslu. Pohlman sagði að auk Danmerkur hafi Poynter verið í samvinnu við Babtistaháskólann í Hong Kong og sent þangað kennara. Einnig hefur Poynter átt langt og farsælt samstarf við blaðamannaháskóla í Suður-Afríku og sent þangað kennara í meira en 15 ár. Pohlman hefur farið

þangað nokkrum sinnum og verið með tveggja vikna löng námskeið í hvert skipti. Hann sagði að kennarar frá Poynter hafi einnig farið til Þýskalands, Nýja-Sjálands, Malasíu og víðar til kennslu. Pohlman lýsti áhuga á að fá fleiri íslenska blaðamenn til að nýta sér þjónustu Poynter Institute. Þeir geti einnig notfært sér vefsíðurnar Poynter Online (www.poynter.org) og News University (www.newsu.org).

Áherslubreyting í útgáfumálum

Poynter Institute stundaði talsverða bókaútgáfu á árum áður. Þar á meðal voru árbækurnar Best Newspaper Writing sem höfðu að geyma úrval verðlaunagreina úr bandarískum dagblöðum. Pohlman segir að dregið hafi úr bókaútgáfunni hin síðari ár og eru árbækurnar t.d. hættar að koma út. Poynter gefur þó enn út nokkrar kennslubækur á hverju ári. Áherslan hefur þó færst af pappír á netið. Í stað þess að gefa út bækur birta kennarar og sérfræðingar stofnunarinnar í auknum mæli greinar og skýrslur á vefnum Poynter Online. Sumir kennaranna blogga reglulega og eiga nokkrir stóran og tryggan hóp lesenda.

„Við göngum í gegnum umbreytingu

nú,“ sagði Pohlman. Hann sagði að hagnaðurinn af rekstri St. Petersburg Times hafi séð vel fyrir Poynter Institute í mörg ár. Arðurinn af útgáfunni dróst nokkuð saman í efnahagssamdrættinum. Pohlman sagði vísbendingar um að útgáfa blaðsins gangi nú betur. Samhliða minnkandi hagnaði af blaðinu dró einnig úr styrkveitingum til Poynter Institute í efnahagslæðinni. Rífa þurfti seglin og starfsmönnum stofnunarinnar var fækkað úr 60 í 52.

Pohlman sagði að Poynter Institute verði að afla meiri peninga í framtíðinni til að standa undir starfsemi. Það verður m.a. gert með hækkun námsgjalda. Þá verður lögð áhersla á aukna markaðssetningu námskeiða og annarrar þjónustu Poynter. Liður í því er t.d. að sérfræðingar Poynter hafa nú útbúið og halda sérhönnuð námskeið fyrir starfsmenn AP fréttastofunnar. Pohlman segir að einnig hafi verið leit að styrkja til sérstakra verkefna.

Meðal þeirra sem styrkt hafa Poynter er Ford Foundation, sem stofnuð var af fjölskyldu Henry Ford. Stofnunin hefur lagt áherslu á að styðja við blaðamennsku og veitti Poynter nýlega 750 þúsund dollara styrk til tiltekinna verkefna og aftur 400 þúsund dollara styrk á þessu ári. Poynter Institute hefur einnig þrengt að sér og leigt út hluta höfuðstöðvanna til annarrar stofnunar. Þannig er leitð allra leiða til tekjuöflunar.

Pohlman sagði að starfsemin sé í meginatriðum þrískipt. Það eru staðbundin námskeið í Flórída og víðar, Poynter Online vefsíðan og News University. Reynt verður að halda þessu öllu gangandi.

„Síðustu þrjú eða fjögur árin höfum við sett meiri mannafla og fjármuni í Poynter Online vefsíðuna og í News University. Þar er meðal annars boðið upp á fjögurra vikna löng hópnámskeið á vefnum. Talsvert stór hópur blaðamanna utan Bandaríkjanna hefur setið þessi námskeið,“ sagði Pohlman. Námskeiðum sem haldin eru á staðnum hefur fækkað úr allt að 65 á ári á árum áður í rúmlega 40 námskeið á þessu ári. „Í framtíðinni munum við ná til enn fleiri nemenda í gegnum vefsíðuna og News University, en við viljum halda áfram að halda námskeið fyrir fólk á staðnum.“

News University – endurmenntun á netinu

Skráðir notendur í Poynter News University netskólanum, NewsU, eru nú orðnir meira en 170 þúsund talsins og meira en 150 námskeið eru í boði við skólann. Mörg er hægt að taka án endurgjalds og önnur eru seld við hóflegu verði.

Margir bandarískir háskólar flétta námskeið hjá NewsU inn í námskrár sínar. Kennarar ýmist ræða við nemendur um efni námskeiðanna eða fá staðfestingu frá NewsU um að nemendur hafi lokið námskeiðum með tilhlýðilegum árangri. Fjöldi starfandi blaðamanna hefur líka numið við NewsU og stundar þar endurmenntun á eigin vegum. Boðið er upp á mörg ókeypis námskeið í skólanum. Þess eru líka mörg dæmi að NewsU hafi verið beðinn um að setja upp nám-

skeið um tiltekið efni. Kennarar við skólann og aðrir sérfræðingar eru þá fengnir til að taka saman námsefni og skipuleggja námskeiðið. Þannig hafa t.d. verið sett upp námskeið fyrir blaðamenn sem vilja sérhæfa sig í skrifum um umhverfismál eða menntamál.

Um 20% þeirra sem hafa skráð sig í NewsU búa utan Bandaríkjanna. Unnið er að því að þýða og staðfæra nokkur námskeið á önnur tungumál en ensku. Pohlman sagði að þannig sé t.d. verið að þýða og staðfæra ýmis námskeið af ensku á rússnesku til nota í Rússlandi. Tvö eða þrjú rússnesk námskeið eru væntanleg á netið innan tíðar. Einnig hafa námskeið verið þýdd á persnesku fyrir íranska blaðamenn. Þá er verið að kanna

þýðingu námskeiða á mandarín-kínversku. Pohlman segir að það geti kostað 30 þúsund dollara eða meira að þýða og staðfæra námskeið fyrir nemendur í landi utan Bandaríkjanna. Námskeiðin eru staðfærð í samvinnu við blaðamenn og sérfræðinga í viðkomandi landi. News University ætlar að bjóða upp á nokkur fjögurra vikna námskeið á netinu á þessu ári.

News University hefur einnig byrjað þjónustu við háskólakennara í blaðamennsku við hina ýmsu skóla þar sem þeir geta skipst á námskrám og kennsluáætlanum fyrir einstök námskeið.

Sjá www.newsu.org fyrir nánari upplýsingar



Áhersla Poynter Institute er nú óðum að færast af prentuðu máli yfir í netmiðla. Í höfuðstöðvum Poynter Institute er gott bókasafn um fjölmiðlun og þar er góð vinnuástaða fyrir þá sem vilja rannsaka eða kynna sér hina ýmsu þætti fjölmiðlunar. Hin aukna áhersla á netið birtist ekki síst í netskólanum News University, NewsU, sem vex hröðum skrefum.

Markmiðið er afburða blaðamennska

Poynter Institute stofnunin í Flórida var stofnuð af hugsjón

Poynter Institute stofnunin var sett á stofn 1975 í þeim tilgangi að stuðla að menntun og endurmenntun blaðamanna. Stofnandi hennar var Nelson Poynter, aðaleigandi og ritstjóri dagblaðsins St. Petersburg Times. Hann var hugsjónamaður sem vildi hlut sjálfstæðrar blaðamennsku sem mestan og ákvað að setja á stofn kennslustofnun sem ekki var rekin í ágóðaskyni.

Nelson Poynter var útgefandi dagblaða í St. Petersburg í fjóra áratugi. Það var sannfæring hans að afburða góð blaðamennska sem miðlað væri af sjálfstæðum útgefanda gæti stuðlað að velsæld í samfélaginu og virku lýðræði. Hann stofnaði Modern Media Institute árið 1975 og setti í erfðaskrá sína að stofnunin myndi erfa ráðandi eignarhlut hans í St. Petersburg Times Company, sem m.a. gefur út dagblaðið St. Petersburg Times. Nelson Poynter andaðist 1978 og var stofnunin þá nefnd eftir honum til að heiðra minningu hans.




Mynd af Nelson Poynter, ritstjóra og útgefanda St. Petersburg Times, er ofan við ritvélinu sem hann notaði á blaðamennskuárunum. Myndin og ritvélin eru á áberandi stað í húsnæði Poynter Institute, stofnandanum til heiðurs.

Það sem Poynter gekk til með þessari ráðstöfun á eignarhlut sínum var tvíþætt. Það að tryggja að dagblaðið St. Petersburg Times yrði áfram sjálfstætt og að eignarhald þess yrði áfram í borginni í stað þess að blaðið yrði selt einhverjum af stóru bandarísku útgáfurisunum. Hitt var að ágóðinn af rekstri St. Petersburg Times átti að standa straum af rekstri Poynter Institute. Ágóðinn af rekstri dagblaðsins hefur verið helsta tekjulind Poynter Institute til þessa dags. Stofnunin aflar einnig eigin tekna og styrkja til starfseminnar.

Dagblaðið St. Petersburg Times er stærsta dagblaðið sem gefið er út í Flóridaríki og talið vera á í hópi vönduðustu dagblaða sem gefin eru út í Bandaríkjunum.

Netföng

Poynter stofnunin – www.poynter.org
Poynter News University – www.newsu.org



Poynter Institute er við Poynter Park í St. Petersburg í Flórida. Önnur stofnun hefur nú fengið inni í hluta byggingarinnar til að skapa leigutekjur og léttu undir með rekstrinum.

Ertu á netinu eða akrinum?

Rótgróið íhaldsblað í Árósum reynir að ná til farsímakynslóðarinnar



Eftir
Próst Haraldsson

Það er varla í frásögur færandi þegar blaðamenn fá þriggja mánaða frí sem þeim ber að nota til að auka menntun sína og færni í faginu. Þetta gekk yfir undirritaðan í fyrra og meðal þess sem ég gerði til að standa við skilmálana var að sækja námskeið í stjórnun við endurmenntunarstofnun danskra blaðamanna, UPDATE, í Kaupmannahöfn. Bliv en bedre redaktør var heiti námskeiðsins og þarf varla að þýða en það fór fram í tveimur þriggja daga tórnum.

Námskeiðið var hið gagnlegasta og leiðbeinendurnir fínir, tveir sjóaðir blaðamenn sem hafa reynslu af ýmsum tegundum danskra fjölmiðla. Sama máli gegndi raunar um þátttakendur sem voru á ýmsum aldri og af alls konar fjölmiðlum, dagblöðum, fagblöðum, útvarpi, sjónvarpi og netmiðlum. Þarna heyrði maður reynslusögur sem sumar hverjar voru kunnuglegar en aðrar sérdanskar. Það sem gerðist var að ég fór að hugleiða þær breytingar sem átt hafa sér stað í danskri fjölmiðlun en henni hef ég fylgst sæmilega með frá því ég byrjaði ungur drengur að lesa Andrés Önd á dönsku.

Miklar sviptingar

Breytingarnar eru sumpart afleiðing þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað

á heimsvísu og við könnumst við hér heima, innrás netsins, breytingar á eignarhaldi og lífi og dauða fjölmiðla. Það hefði til dæmis þurft mikinn kjark til að halda því fram fyrir þrjátíu árum þegar ég bjó í Árósum að í framtíðinni yrðu Politiken og Jyllands Posten gefin út af sama fyrirtæki og prentuð í sömu prentsmiðju og blöð Berlingskeveldisins. Eða þá að norskt fyrirtæki myndi kaupa Berlingske Hus (sem meðal annars gefur út Weekendavisen sem ég skrifa stundum fyrir) og selja það síðan breskum fjölmiðlarisa. En þetta er meðal þess sem hefur verið að gerast í Danmörku á undanföllum árum.

Berlingske Tidende er elsta blað Danmerkur (og þar með Íslands, eða hvað?) og hóf göngu sína árið 1749. Löngum hefur það verið einskona Moggi Danmerkur, íhaldssamt blað fyrir betri borgara landsins, fastheldið á gamlar hefðir. Nú er það semsé hluti af enskum fjölmiðlarisa sem á yfir 200 fjölmiðla í Danmörku einni. Meðal dótturfyrirtækja þessa rísa er eitt sem heitir Midtjyske Medier sem meðal annars gefur út dagblaðið Århus Stiftstidende. Á námskeiðinu var einn af fyrirlésurum ritstjóri og ábyrgðarmaður fjölmiðla Midtjyske Medier, Dorthe Carlsen að nafni, og sagði frá endurreisn þessa forna stórveldis í næstfjölmennasta bæ Danmerkur, Árósum.

Stiften, eins og blaðið hefur lengi verið kallað, var áður fyrr sjálfstætt staðarblað, virðulegt borgarablað sem var ráðandi á sínum markaði,

svona lókalnogggi. Eins og mörg slík blöð lenti það í erfiðleikum þegar netið sótti að og þegar Midtjyske Medier keypti það fyrir þremur árum eða svo var niðurlægning þess að heita má alger. Eins og Dorthe lýsti því var Stiften orðin að dagblaði fyrir þá sem eiga heimasíma! Þar þurfti því að taka til höndunum ef bjarga átti blaðinu frá hægu og sársaukafullu and-





Vefsíða Aarhus Stiftstidende eins og hún er í dag.

láti. Í það var ráðist og árangurinn lét ekki á sér standa, Stiften lifnaði við og áskrifendum tók að fjölga aftur, svo ekki sé minnst á alla þá sem fylgjast með líflegri netútgáfu, stiften.dk

Uppbyggileg gagnrýni óskast

Dorthe lýsti því helsta sem ráðist var í til að endurreisa blaðið. Þar var einkum tvennt sem mér þótti athyglisvert. Annars vegar var kallaður saman fjölmennur hópur lesenda og almennra borgara í Árósum og nágrenni og þeir spurðir grannt um það hvers konar blað þeir vildu fá. Hins vegar var ráðist í víðtækan uppskurð á ritstjórn blaðsins, án þess þó að grípa til uppsagna.

Þegar markhópurinn – sem taldi hátt á annað þúsund manns – var spurður hvers konar blað hann vildi sjá svaraði yfirgnæfandi meirihluti því til að hann vildi fá blað sem gerði fólk ánæggt með að búa í Árósum. Fólk var búið að fá nóg af neikvæðri, niðursallandi gagnrýni en vildi fá bæði jákvæðar fréttir og uppbyggilega gagnrýni. Í stað þess að láta sér nægja að bólsótast yfir skorti á bílastæðum í miðbæ Árósa eiga fjölmiðlar að benda fólki á

stæði sem ekki eru fullnýtt og jafnvel gjaldfrí.

„Við erum að sjálfsgöðu gagnrýnin í umfjöllun okkar og borum gjarnan djúpt, en við segjum frá hlutunum þótt ekki ríki um þá ríki deilur,“ sagði Dorthe og fór ekki hjá því að hugtakið kranablaðamennska brygði fyrir í hugskoti mínu. Hún bætti því við að það væri markmiðið með útgáfunni og daglegt viðmið jafnt útgefenda sem blaðamanna að skapa gleði og stolt hjá lesendum og íbúum Árósa. Þetta þótti mér gaman að heyra vegna þess að þetta rímar ágætlega við þær hugmyndir sem ég hafði um innihald og efnistöð Bændablaðsins sem ég ritstýrði þá.

Tvö lög af stjórnendum fjarlægð

Enn meiri nýmæli voru þó í því hvernig tekið var á innra skipulagi blaðsins. Dönsk blöð eru fræg fyrir stífan strúktúr þar sem leiðin er löng frá blaðamannanemanum upp til ritstjórans. Það þurfti því allnokkurt áræði til að ráðast á þessa yfirbyggingu. Dorthe skýrði frá því að fyrirtækið hefði gert sér lítið fyrir, fjarlægð tvö stjórnunarlög og flutt ákvarðanatökuna niður til

almennra blaðamanna. Við það hefðu gæði blaðsins aukist verulega.

Blaðamannahópnum er nú skipt upp eftir fjórum stöðuheitum. Dorthe sýndi okkur glærur sem hún hafði útbúið fyrir enskumælandi eigendur fyrirtækisins svo þeir skildu hvað við væri átt og samkvæmt því eru stöðuheitin þessi:

Community Managers – þeir eru inni á ritstjórn og fylgjast með því sem er að gerast á netinu í lífi bæjarbúa.

Mobile Journalists, Mojos – þeir eiga helst aldrei að koma inn á ritstjórnina heldur vera stöðugt á ferðinni með fartölvuna og símann, hitta fólk, fylgjast með viðburðum á vettvangi og taka viðtöl.

Content Developers – þeir taka við efninu frá þessum tveimur hópum og þróa það áfram, vinna fréttaskýringar og stærri greinar.

Media Architects – þeir ganga frá efninu til birtingar og ákveða í hvaða miðli er best að birta það (blaðinu, netútgáfunni eða útvarpsstöð sem er í eigu fyrirtækisins).

Vitaskuld eru svo tilvik þar sem stöður og verkefni skarast, enda er það megintilgangurinn með þessari nýju skipan að auka sveigjanleikann á ritstjórninni og gera henni kleift að bregðast við þeim aukna hraða sem einkennir líf nútímafjölmiðlunar. Við þetta bætti hún því að Midtjyske Medier væri með sameiginlega ritstjórn sem legði öllum sex dagblöðunum, sem undir fyrirtækið heyra, til efnis. Það hefði gefið góða raun en ekki væri þó alltaf hægt að beita sömu aðferðum alls staðar, fyrirtækjakúltúrinn væri ólíkur í Árósum, Randers og Viborg og við því yrði að bregðast á réttan hátt.

Það sem kannski er athyglisverðast í þessari sögu er að í þessum röttæku breytingum var engum blaðamanni eða stjórnanda á ritstjórn sagt upp. Fólk var fært til og því gert kleift að finna sér stað í nýju landslagi. Niðurstaðan varð sú að af 42 starfsmönnum á ritstjórn voru það einungis tveir sem ekki fundu sig í þessu breytta skipulagi og létu af störfum að eigin ósk.



Sölvvi ekki brotlegur

Mál nr. 1/2010-2011

Aðsent – 01. júlí 2010

Kærandi: NN

Kærði: Sölvvi Tryggvason.

Kæruafni

Umfjöllun/viðtal kærða á Skjá einum og Pressunni 24. febrúar 2010

Málsmeðferð

Kæra barst síðanefnd (SBÍ) með bréfi dagsettu 23. apríl 2010 ásamt fylgigögnum. Málið var tekið fyrir á fundi 29. apríl og ákveðið að óska eftir greinargerð frá kærða. Greinargerðin barst 31. maí. SBÍ tók málið síðan fyrir 11. júní.

Málavextir

Í hinni kærðu umfjöllun var viðtal við móður í forræðisdeilu en fyrst og fremst fjallað um yfirheyrslu yfir barni hennar hjá héraðsdómi – framkvæmdin á þeirri yfirheyrslu kölluð „réttarmorð“.

Gagnrýni beindist fyrst og fremst að réttarkerfi landsins. Hvorki móðirin, barnið né aðrir málsaðilar voru nafngreindir eða þekktanlegir á mynd.

Umfjöllun

Í kærrunni eru alls fjögur atriði sérstaklega kærð og tölusett og almennt vísað til þriðju greinar síðareglna BÍ.

Fyrsti liður lýtur að því að lögreglu-


rannsókn í viðkomandi máli hafi verið lokið og málið fellt niður, en kjarni umfjöllunarinnar laut að framgangi þess hvernig yfirheyrsla yfir barni fór fram, en ekki að ákæruatriðum dómsmálsins sem slíkur. Þótt upplýsingar um niðurfellingu málsins hefðu bætt umfjöllunina telur SBÍ að síðareglur hafi hér ekki verið brotnar.

Annar liður kærunnar beinist að því að viðkomandi móðir hafi á facebook-síðu greint frá væntanlegri umfjöllun kærða, en þau ummæli geta á engan hátt verið á ábyrgð hins

unarinnar og hagsmuni kæranda og að ekki hafi verið sýnt fram á óréttmæta heimildanotkun. Telur SBÍ að síðareglur hafi hér ekki verið brotnar.

Í fjórða lið er á það bent að kærði hafi vitnað ranglega til lagagreinar. Rétt er að kærði vitnar þar til greinargerðar með lagafrumvarpi en ekki til lagagreinar. Þessi ónákvæmni er að sönnu ekki til eftirbreytni, en er að mati SBÍ hvorki þess eðlis að teljast brot á síðareglum né til þess fallin að valda kæranda óþarfa sársauka.

Það er meginniðurstaða SBÍ að í þessu viðkvæma máli hafi hinn kærði gætt þess í hvívetna að valda ekki óþörfum sársauka. Í viðkomandi viðtali var ekki hægt að rekja lýsingu viðmælanda til ákveðinna einstaklinga og um réttmætt umfjöllunarefni var að ræða. Hinn kærði fullyrðir enn fremur að hann hafi boðið „þeim sem höfðu út á umfjöllunina að setja upp á að koma í viðtal“, en því hafi verið hafnað.



kærða. Þessum kærulið er vísað frá.

Í þriðja lið heldur kærandi því fram að heimildarmaður kærða hafi verið faðir kærða, sálfræðingur. Þessu hafnar kærði og lýsir sem dylgjum. Telur SBÍ þennan kærulið ekki varða efnisatriði umfjöll-

Úrskurður

Kærði, Sölvvi Tryggvason, braut ekki 3. gr. síðareglna hvað kæruliði nr. 1, 3 og 4 varðar. Kærulið nr. 2 er vísað frá.

*Björn Vignir Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Salvör Nordal,
Ásgeir Þór Arnason.*

Ámælisvert brot hjá DV

Mál nr. 2/2010-2011

Kærandi: Björg Marteinsdóttir og Ólafur Einarsson.

Kærðu: Jóhannes Kr. Kristjánsson, blaðamaður DV og ritstjóri og ritstjóri DV vegna fyrirsagna í blaðinu.

Kæruefni:

Umfjöllun DV 16. júlí 2010.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd (SBÍ) með bréfi dagsettu 15. september 2010 ásamt fylgigögnum, meðal annars leiðréttingarkröfu til DV dags. 8. september 2010, og í kjölfarið var óskað eftir greinargerð frá kærða. Greinargerð barst frá Jóhannesi Kr. Kristjánssyni 18. október 2010. SBÍ tók málið síðan fyrir 26. október og 9. nóvember 2010.

Málavextir

Í hinna kærðu umfjöllun voru vegna ætlaðs brots á 3. grein siðareglna, fyrirsagnir DV á forsiðu og við greinina sjálfa á bls. 18-19 kærðar og fullt að fyrir þessum fyrirsögnum („að boðið sé upp á lækningu við krabbameini og MND“ og „að seld sé lækning við krabbameini og MND“) finnst engin stoð. Einnig er kært að DV hafi tekið af heimasíðu í eigu hjónanna „tvær myndir ófrjálsri hendi og notar þær í tvígang hvora, í umfjöllun sinni“.

Umfjöllun

Kærandur segja í kærubréfi sínu: „Hvergi á heimasíðu okkar www.o3.is

er minnst á lækningu við MND en á einum stað er talað um mögulegt ferli og tilkomu þess sjúkdóms. Það sama á við um heimasíðu William Hitt Center www.williamhittcenter.com, en þar er yfir höfuð ekki minnst á MND. Því eru þessar fyrirsagnir úr lausu lofti gripnar.“ Ekki er í kærubréfinu talað um krabbameins-tilvisun fyrirsagnanna, heldur eingöngu MND og verður því að álykta að eingöngu sé átt við fyrirsagnirnar hvað MND-sjúkdómurinn varðar.

Í greinargerð kærðu segir: „Á vefsíðunni o3.is er birtur verðlisti um lækningu við ýmsum kvillum á vegum William Hitt Center“ og „DV lítur svo á að með því að birta verðlista yfir „meðferð“ William Hitt Center við sjúkdómum sé verið að selja slíka „meðferð“. Hvað MND-sjúkdómurinn varðar er vísað til viðtals við formann MND-félagsins, Guðjón Sigurðsson, í téðri umfjöllun, þar sem kemur fram að honum hafi verið boðin „meðferð“ við sjúkdómnum, en formaðurinn hefur það eftir „einhverri konu“ (á vegum o3.is) að hún hafi dregið aðspurð „til baka“ að „MND-sjúkdómurinn hefði verið læknaður á þessari stofnun í Mexíkó“. Síðar hafi formanninum verið sent bréf þar sem honum hafi verið „bent á „meðferðarmöguleika“ William Hitt Center við MND-sjúkdómnum“.

Í niðurstöðum greinargerðar kærðu segir: „Fyrirsagnir og umfjöllun DV standast að öllu leyti grundvallaratriði blaðamennsku. Með því að birta verðlista um „meðferðir“ William Hitt Center og bjóða upp á hópafslætti er verið að selja „meðferðirnar“, auk þess sem reynt var að selja Guðjóni Sigurðssyni, formanni MND félagsins, „meðferð“ mexíkósku stofnunarinnar við MND með símtali

frá Ólafi Einarssyni, einum af forsvarsmönnum o3.is“.

SBÍ er einhuga um þann orðaskilning að með því að bjóða upp á „meðferð“ sé ekki verið að bjóða upp á eða lofa „lækningu“. Hvergi á téðum vefsíðum er með beinum hætti boðið upp á lækningu við MND-sjúkdómnum og viðtalið við Guðjón Sigurðsson styður heldur ekki slíka fullyrðingu í fyrirsögnum. Á vefsíðunni o3.is er í tvígang nefndur sá möguleiki að „vinna bug á“ krabbameini, en SBÍ lítur sem fyrr segir ekki svo á að það sjúkdómshugtak í fyrirsögnum sé kært. SBÍ telur hvað MND-sjúkdómurinn varðar að fyrirsagnirnar eigi sér ekki stoð í umfjölluninni sjálfri og að þar með hafi 3. grein siðareglna verið brotin, hvað vonduð vinnubrögð varðar; fyrirsagnir fullyrða meira en lesa má í sjálfri fréttinni sem þeim fylgir.

Kæruatriði hvað varðar að DV hafi tekið tvær ljósmyndir af vefsíðu kæranda ófrjálsri hendi er utan við úrskurðarsvið SBÍ (sem lögreglurannsóknar- og/eða innheimtumáli) og er vísað frá.

Úrskurður:

Kærði, DV, braut með téðum fyrirsögnum 3. gr. siðareglna. Brotið er ámælisvert. Kæruatriði hvað varðar að DV hafi tekið tvær ljósmyndir af vefsíðu kæranda ófrjálsri hendi er vísað frá.

Reykjavík 9. nóvember 2010
 Björn Vignir Sigurpálsson,
 Hjörtur Gíslason,
 Friðrik Þór Guðmundsson,
 Jóhannes Tómasson,
 Ásgeir Þór Árnason.

Máli vísað frá

Úrskurður í máli 3/2010-2011

Kærandi: Gylfi Arnbjörnsson

Kærau: *Vefmiðillinn eyjan.is*

Kæruefni

Fyrirsögn Eyjunnar í frétt 14.10.2010: „Forseti ASÍ eindregið gegn því að skuldir heimilanna verði lækkaðar.“

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefndinni með boðsendu bréfi dagsettu 15. október 2010 ásamt fylgigögnum. Greinargerð barst frá kærða, undirrituð af Þorfinni Ómarssyni, ritstjóra Eyjunnar, með bréfi dagsettu 1. nóvember 2010 ásamt fylgigögnum. SBÍ tók málið fyrir 26. október og 9. nóvember 2010.

Málavextir

Kærandi telur að framsetning Eyjunnar með hinni kærðu fyrirsögn og „eindregin synjun á leiðréttingu“ feli í sér brot á fyrsta málslíð 1. gr. siðareglna BÍ og 3. grein. Kærði bendir hins vegar á að fyrirsögninni hafi verið breytt daginn eftir að hún birtist. Að auki hafi kæranda verið boðið að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í miðlinum. Eftir breytingu var fyrirsögnin á þessa leið: „Forseti ASÍ eindregið gegn almennri lækkan á hús-næðisskuldum heimila.“

Umfjöllun

Kærandi leitaði til kærða um leiðréttingu að kvöldi 14. október strax og fréttin birtist. Af framlögðum tölvupóstum verður ráðið að krafa um leiðréttingu hafi ekki verið til lykta leidd

milli aðila, sbr. 6. grein siðareglanna, þegar kærandi sendi kæru sína til SBÍ í hádeginu daginn eftir, 15. október. Ekki liggur annað fyrir en að fyrirsögnin hafi verið leiðrétt þann dag. Siðanefnd telur að hin kærða fyrirsögn hafi verið leiðrétt innan hæfilegs tíma eftir að krafa um leiðréttingu barst. Ekki eru því efni til að taka efnislega afstöðu til kærunnar og henni því vísað frá.

Úrskurður

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 9. nóvember 2010.

*Friðrik Þór Guðmundsson,
Björn Vignir Sigurpálsson,
Jóhannes Tómasson,
Ásgeir Þór Árnason,
Sigríður Árnadóttir.*

Ámælisvert brot há RÚV

Mál nr. 4/2010-2011

Kærandi: Bjarni Jónsson fyrir hönd stjórnar trúfélags Votta Jehóva á Íslandi.

Kærau: *Fréttastofa RÚV, Svavar Halldórsson, fréttamaður.*

Kæruefni

Umfjöllun í fréttatíma sjónvarpsins hinn 7.11. 2010 um meint kynferðis-öfubeldi hjá Vottum Jehóva.

Málsmeðferð

Siðanefnd barst erindi frá stjórn trúfélags Votta Jehóva dagsett 10. nóvember 2010 þar sem kvartað var „vegna fréttaflutnings um trúfélag okkar síðastliðna þrjú daga“. Jafnframt fylgdi erindinu fréttatilkynning frá trúfélaginu dagsett 9.11., sem send var til fjölmiðla, meðal annarra fréttastofu RÚV. Siðanefnd óskaði frekari gagna frá kæranda og bárust þau 26.11. Þar var áréttað að kærandi teldi sig hafa fullnægt kröfu um leiðréttingu með sendingu fréttatilkynningar til fréttastofu RÚV. Jafnframt var þar tekið

fram að kært væri vegna umfjöllunar Svavars Halldórssonar í sjónvarpsfréttum hinn 7.11. RÚV hefði ekki á nokkurn hátt tekið til baka þær „ærumeiðandi fullyrðingar“ sem settar hefðu verið fram í sjónvarpsfréttum þann dag. Taldi kærandi fréttamanninn hafa þar brotið gegn 3. gr. siðareglna BÍ.

Málið var tekið fyrir á fundi siðanefndar 7.12. Þrír nefndarmanna, Hjörtur Gíslason, Ásgeir Þ. Árnason og Jóhannes Tómasson, töldu kær-una tæka. Annars vegar teldist fréttatilkynningin nægileg beiðni um leiðréttingu og hins vegar að þrátt fyrir

frekari umfjöllun um hið kærða efni næstu daga, væri í raun ekki hægt að leiðrétta hina kærðu frétt 7.11. Studdust þeir meðal annars við nokkur forðæmi í úrskurðum nefndarinnar frá síðasta áratug. Tveir nefndarmanna, Friðrik Þór Guðmundsson og Sigríður Árnadóttir, töldu á hinn bóginn kær-una ekki tæka, þar sem umrædd fréttatilkynning geti ekki talist fullnægjandi beiðni um leiðréttingu sem skylt er að leita samkvæmt 6. gr. síðareglna áður en meint brot er kært og að viðkomandi forðæmi ættu ekki við í þessu máli. Í framhaldi þess var ákveðið að taka erindi trúfélagsins frá 26.11. til umfjöllunar sem hina eiginlegu kær-ur, en taka einnig tillit til fyrra erindis trúfélagsins frá 10.11. Því var óskað eftir viðbrögðum frá fréttastofu RÚV vegna kærunnar og henni send öll gögn málsins. Bárust þau síðanefnd dagsett 17.12. Málið var tekið fyrir að nýju 21.12. og þá óskað enn frekari ganga frá RÚV og bárust svör í tölvupósti 29.12. Áfram var fjallað um málið á fundi síðanefndar 4. og 17.1. 2011.

Málavextir

Í erindinu frá stjórn trúfélags Votta Jehóva frá 26.11. segir svo:

„Eins og við bentum á í fyrra bréfi okkar byggist frétt Svavars Halldórsonar hinn 7. nóvember sl. á viðtölum við tvær konur. Sú síðari nefndi ákveðið dæmi um kynferðislega misnotkun sem hún þekkti af fyrstu hendi og staðfest er með dómi. Það mál er söfnuði Votta Jehóva óviðkomandi með öllu. Svavar leyfir fyrri viðmæl-anda sínum að koma með alvarlegar ásakanir og fullyrðingar án þess að ganga nokkuð eftir því hvernig viðmælandanum sé kunnugt um það sem hann fullyrðir. Öllu heldur virðist fréttamaðurinn trúa fullyrðingum viðmælanda síns eins og nýju neti. Við teljum ljóst að fréttamaðurinn, Svavar Halldórsson, hafi með þessari frétt sinni tvímælaust brotið gegn ákvæð-um 3. greinar síðareglna BÍ.

Með broti þessu og þeim gögnum sem því fylgja teljum við okkur hafa fullnægt þeim skilyrðum sem síðanefnd BÍ gerir til kærur vegna brota á síðareglum BÍ. Óskum við því eftir að

nefndin taki til skoðunar vinnubrögð fréttamannsins, Svavars Halldórsonar, í tengslum við umrædda frétt í sjónvarpinu sunnudaginn 7. nóvember sl.“

Síðanefnd skilur kærur trúfélagsins svo að kærð sé bæði fréttin frá 7.11. í heild og eftirfarandi fullyrðingar, sem koma fram í fréttayfirliti og fyrirsögn í upphafi fréttatímans. Yfirlitið („helst-íð“) hljóðaði svo:

„Kynferðisofbeldi hefur þrífist í skjóli Votta Jehóva á Íslandi. Stjórnendur safnaðarins koma í veg fyrir að málin rati til lögreglu. Þetta segja konur sem áður tilheyrðu söfnuðin-um.“ Samtímis birtist á skjánum fyrir-sögnin („sloggíð“): „Hylma yfir ofbeldi og misnotkun.“ Í svari fréttastjóra RÚV til síðanefndar frá 29.12. er það staðfest að fréttayfirliti og fyrirsögn (helst og slogg) séu hluti fréttar.

Í frétt Svavars eru viðtöl við tvær konur og ber önnur trúfélagið þessum sökum. Hún segist hafa hætt í söfnuðinum þegar hún hafi komist að því að kynferðisleg misnotkun hafi viðgengist innan safnaðarins og slík mál hafi ekki verið kærð til lögreglu, heldur hafi söfnuðurinn ákveðið að annast slík mál sjálfur. Hin konan segir frá ára-langri kynferðislegri misnotkun föður síns á henni og að hún hafi ekki losnað úr söfnuðinum fyrr en hún hafi verið send vestur um haf til að dvelja hjá ættingjum sínum. Í fréttinni er einnig að finna eftirfarandi fullyrðingu fréttamannsins: „Mæðgunum var báðum útskýfað úr söfnuðinum. Faðirinn hins vegar, sem ákærður var og dæmdur í margra ára fangelsi fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn dóttur sinni, hélt áfram að sækja samkomur.“

Í erindum stjórnar trúfélags Votta Jehóva og áður nefndri fréttatilkynningu er þessum ásökunum hafnað. Í fréttatilkynningunni segir meðal annars svo:

„Söfnuðir Votta Jehóva á Íslandi hylma ekki yfir kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gegn börnum eins og fullyrt var í fréttum ríkissjónvarpsins sunnudaginn 7. nóvember. Ekki koma stjórnendur safnaðanna heldur á nokkurn hátt í veg fyrir að „málin rati til lögreglu“.

...

„Í fyrra viðtalinu fullyrðir konan, sem við er rætt, að hún viti um nokkur dæmi þess að við meðhöndlun kynferðisbrotanna hafi ekki verið farið að landslögum heldur hylmt yfir brotin. Fréttamaður trúir greinilega orðum hennar og spyr ekki nánar út í það hvernig hún hafi öðlast þessa vitneskju sína.

Í síðara viðtalinu greinir kona frá því að faðir hennar hafi hlotið fangelsisdóm fyrir misnotkun á henni í æsku. Málið er vissulega hörmulegt en það er söfnuði Votta Jehóva algerlega óviðkomandi. Faðir konunnar hefur aldrei verið Vottur Jehóva, þó að hann hafi um einhvern tíma sótt samkomur þeirra af og til. Þó að móðir hennar hafi verið safnaðar meðlimur var söfnuðinum ekki kunnugt um framferði mannsins fyrr en það komst í hámæli.“

Þar segir ennfremur:

„Stjórnendur safnaðanna hafa fengið skýrar leiðbeiningar um hvernig taka skuli á slíkum málum í samræmi við landslög. Þeir leggja ríka áherslu á að slík mál, ef upp koma, fari án tafar til réttara yfirvalda. Þeir eru einnig hvattir til að vera á varðbergi gagnvart hverjum þeim sem kunnugur er af því að hafa misnotað börn. Ekkert sérstakt „barnastarf“ fer fram innan safnaðanna þar sem börnum gæti hugsanlega stafað hætta af slíkum einstaklingum.

Í ritum, sem Vottar Jehóva gefa út, birtast af og til greinar um það sem forráðamenn barna sem og aðrir geta gert til að vernda börnin gegn misnotkun misindismanna.

Frá árinu 1960 eru þau alls sjö málin af þessu tagi sem umsjónarmenn safnaðanna hafa fengið vitneskju um. Fjögur þeirra komu upp á árunum 1960 til 1990 og af þeim voru tvö söfnuði Votta Jehóva óviðkomandi, gerandinn var ekki Vottur Jehóva. Þrjú mál hafa svo komið upp á síðustu 20 árum. Eitt þeirra var kært til lögreglu og fór í gegnum réttarkerfið.“

Í erindinu frá 10.11. segir ennfremur: „Mæðgunum var heldur ekki „báðum útskýfað úr söfnuðinum“ heldur sagði móðir hennar sig úr honum og dóttirin var aldrei safnaðar meðlimur.“

Í lok hinnar kærðu fréttar er svo haft eftir Svanberg Jakobssyni, tals-

SIÐANEFNDAR

manni Votta Jehóva á Íslandi að kynferðisofbeldismál yrðu kærð til lögreglu ef þau kæmu upp. Slíkt hafi ekki komið upp á þeim tíma sem hann hafi verið talsmaður safnaðarins. Fréttastofa RÚV flutti næstu daga frekari fréttir af málinu, í sjónvarpi, útvarpi og á fréttavef sínum á Netinu, þar sem sjónarmið trúfélags Votta Jehóva komu frekar fram og rætt var við forstjóra Barnaverndarstofu, sem sagði „að verklagsreglur Votta Jehóva í þessu sambandi féllu þrýðilega að þeim ákvæðum laga sem gilda um þetta efni og séu í góðu samræmi við þau tilmæli sem Barnaverndarstofa hefur gefið í þeim efnum.“ Fréttamaðurinn Lára Ómarsdóttir fylgdi málinu eftir af hálfu fréttastofu RÚV. Hins vegar var ekki sagt frá efni fréttatilkynningar trúfélagsins.

Í andsvari fréttastofu RÚV, sem er undirritað af Óðni Jónssyni, fréttastjóra, fyrir hönd fréttastofu RÚV, Svavars Halldórssonar og Láru Ómarsdóttur, segir meðal annars svo:

„Fréttastofa hafnar því algerlega að hafa borið á borð ósönn ummæli gegn betri vitund. Fréttastofa telur heimildarvinnu sína og undirbúning fréttarinnar hafa verið vandaða. Ummæli í helsti og inngangi fréttarinnar eru höfð eftir viðmælendum sem fréttastofa metur trúverðuga. Ekki fór á milli mála að þetta var frá þeim komið. Áþekkt ummæli hafa áður komið frá þeim, annars vegar í viðtali við Vikuna og hins vegar í viðtali við Fréttatímann.

Fréttastofa telur vinnubrögð sín hafa verið vönduð. Fréttin sem birtist í sjónvarpsfréttunum var í vinnslu frá fimmtudegi og þar til hún birtist á sunnudagskvöldi. Á þeim tíma ræddi fréttastofa itrekað við báða viðmælendur, Malínu Brand og Elfu Lind Berudóttur, aðstandendur þeirra, og fór yfir dóm yfir föður Elfu Lindar vegna kynferðisofbeldis.

Fréttastofa ræddi að auki við fleiri fórnarlömb kynferðisofbeldis innan safnaðar Votta Jehóva á Íslandi. Fréttastofa fékk bæði verknaðarlýsingar frá fyrstu hendi og nöfn gerenda. Fórnarlömbin lýstu auk þess viðbrögðum þeirra sem fara með æðstu völd innan safnaðarins. Þessar lýsingar voru í samræmi við lýsingar þeirra sem rætt

var við í fréttinni. Að auki ræddi fréttastofa við bandarísk samtök fyrrverandi votta sem orðið hafa fyrir ofbeldi innan safnaðarins þar ytra. Í ljósi alls þessa mat fréttastofa lýsingar viðmælenda sinna trúverðugar. Fréttastofa hefur síðan þá verið í sambandi við fleiri fórnarlömb sem enn hafa styrkt frásögn beggja viðmælenda.“

Í andsvari fréttastofu RÚV segir enn fremur að hún telji allar fréttir í þessu máli vel unnar og í samræmi við vinnureglur, siðareglur Blaðamannafélags Íslands og hefðir vandadrar blaðamennsku.

Umfjöllun

Eins og fram kemur í málavöxtum beinist kæra trúfélags Votta Jehóva einungis að „vinnubrögðum fréttamannsins, Svavars Halldórssonar, í tengslum við umrædda frétt í sjónvarpinu sunnudaginn 7. nóvember sl.“ Siðanefnd tekur engu að síður tillit til umfjöllunar fréttastofu RÚV um málið í heild eins og kveðið er á um í 6. gr. siðareglna BÍ.

Siðanefnd leggur áherslu á, að umfjöllun um mál af þeim toga, sem hér er til umfjöllunar, á fullan rétt á sér. Siðanefnd hefur ekkert við það að athuga að rætt sé við fólk sem kemur fram undir nafni með frásagnir af misrétti, eða kynferðisofbeldi, sem það hefur verið beitt eða orðið vitni að. En í vandasömum málum, eins og þessu, ber að fara sérstaklega varlega.

Nefndin ber ekki brögður á að fréttastofa RÚV hafi ekki „borið á borð ósönn ummæli gegn betri vitund“. Hins vegar segir í 3. gr. siðareglna BÍ: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.“ Er það álit siðanefndar að í þessu máli hafi fréttamaðurinn Svavar Halldórsson, í hinni kærðu frétt, ekki vandað úrvinnslu sína og framsetningu eins og kostur hafi verið á.

Í fréttayfirliti er haft eftir konum sem hætt hafi í söfnuði Votta Jehóva að stjórnendur komi í veg fyrir að kynferðisofbeldismál sem hafi þrífist í skjóli safnaðarins rati til lögreglu. Í inngangi fréttar Svavars segir svo:

„Konur sem hafa hætt í söfnuði Votta Jehóva segja kynferðis- og heimilisofbeldi þrífast í skjóli þeirra sem þar ráða ríkjum. Reynt sé að ráða fram úr slíkum málum innanbúðar og aldrei sé leitað til lögreglu.“ Síðar í fréttinni segir Svavar: „Mæðgunum var báðum útskúfað úr söfnuðinum. Faðirinn hins vegar, sem ákærður var og dæmdur í margra ára fangelsi fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn dóttur sinni, hélt áfram að sækja samkomur.“

Er það mat siðanefndar að staðhæfing í fréttayfirliti um að stjórnendur komi í veg fyrir að kynferðisofbeldismál rati til lögreglu eigi sér ekki stoð í orðum viðmælenda. Hvorug kvemma hafi tekið svo sterkt til orða. Þá er það mat siðanefndar að fréttamaðurinn hafi gengið of langt, þegar hann fullyrðir í inngangi að aldrei sé leitað til lögreglu, enda byggist síðari hluti fréttarinnar einmitt á máli, sem hafi verið kært til lögreglu og gerandinn dæmdur í margra ára fangelsi. Í þessu tvennu felst hrein mótsögn. Siðanefnd metur það einnig svo, að of sterkt sé tekið til orða, þegar fréttamaðurinn talar um hylmingu, bæði í fréttinni sjálfri og fyrisögn hennar, enda notar hvorugur viðmælenda hans það orð. Siðanefnd telur mikillar ónákvæmni gæta í hinni kærðu frétt, sem er í raun sett saman úr tveimur málum, sem eru að miklu leyti ólík og í því síðara er í raun kollvarpað meginþætti hins fyrra, það er að aldrei sé leitað til lögreglu. Síðari viðmælendinn er kallaður fórnarlamb í beinu framhaldi af umfjöllun um kynferðis- og heimilisofbeldi „í skjóli þeirra sem þar hjá Vottum ráða ríkjum“.

Af fréttinni verður ekki ráðið hvernig söfnuður Votta Jehóva eða forsvarsmenn hans tengjast áralöngu kynferðisofbeldi sem viðmælendinn mátti þola af hendi föður síns. Þá stangast á fullyrðingar í fréttinni þar sem segir að mæðgunum hafi verið útskúfað úr söfnuðinum. Í texta sínum segir fréttamaðurinn að eitt fórnarlambanna „hafi ekki losnað úr söfnuðinum fyrr en hún var send vestur um haf til að dvelja hjá ættingjum“. Þar er augljóslega átt við sama aðila í báðum tilfellum. Annars vegar losnaði stúlkan ekki úr söfnuðinum og hins

var hún útskýfuð! Siðnefnd telur á hinn bóginn ekki skipta meginmáli hvort umrætt fólk hafi verið formlegir meðlimir í trúfélaginu eða ekki, enda tók það þátt í almennu starfi þess.

Fullyrðingar fréttamannsins ganga lengra en ummæli viðmælanda hans gefa tilefni til. Ennfremur vaknar sú spurning við yfirferð fréttarinnar, hvaða þátt trúfélag Votta Jehóva á Íslandi hafi átt í máli síðari viðmælanda fréttamannsins. Henni er ekki svarað í fréttinni. Hafi það skýrst í þeim viðtölum sem aflað var við vinnslu málsins hefði það þurft að koma fram í fréttinni sjálfri.

Eins og áður sagði á umfjöllun sem þessi fyllilega rétt á sér. Svo virðist sem öflun upplýsinga hafi verið fullnægjandi, en úrvinnslan ekki. Siðnefnd gerir ekki athugasemdir við þá umfjöllun, sem fylgdi í kjölfarið. Þar komu fram sjónarmið Votta Jehóva og kallaður var til sérfræðingur í barnaverndarmálum, forstöðumaður Barnaverndarstofu. Auk þess minnir nefndin á að leitað var álits Votta Jehóva áður en hin kærða frétt var flutt og lesin var stutt athugasemd frá fulltrúa safnaðarins í lok fréttarinnar.

Úrskurður

Kærði, Svavar Halldórsson, telst hafa gerst brotlegur við 3. gr. siðareglna BÍ.

Brotið er ámælisvert.

*Hjörtur Gíslason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Ásgeir Þór Árnason,
Jóhannes Tómasson,
Sigríður Árnadóttir.*

Ekki brot há Fréttastofu RÚV

Mál nr. 6/2010-2011

Kærandi: Björgólfur Thor Björgólfsson.

Kærðu: Fréttastofa RÚV, Óðinn Jónsson, fréttastjóri og Sigrún Davíðsdóttir, fréttamaður.

Kæruafni

Umfjöllun í „Speglinum“ um aflandsfélög Landsbankans.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd með bréfi, dags. 15. nóvember 2010 ásamt fylgigögnum. Málið var tekið fyrir á fundi 25. nóvember og ákveðið að óska eftir staðfestingu á umboði talsmanns kæranda og að því fengnu að óska eftir greinargerð frá kærðu. Fullnægjandi umboð talsmanns kæranda barst 1. desember og greinargerð kærðu 7. desember. Málið var tekið fyrir á fundi siðanefndar 21. desember og 4. janúar 2011.

Málavextir

Í hinum kærða pistli fjallaði kærða, Sigrún Davíðsdóttir, fréttamaður, um

mál sem er til meðferðar hjá embætti sérstaks saksóknara. Málið snýst um ásakanir á hendur fyrrverandi stjórnendum Landsbankans um markaðsmisnotkun þeirra, þar sem þeir hafi ekki gert grein fyrir því með skýrum hætti, gagnvart verðbréfamarkaði, að svokölluð „aflandsfélög“, sem skráð voru hluthafar í bankanum og versluðu með hlutabréf í honum, hafi raunverulega verið í eigu bankans eða tengdra aðila. Eitt þessara félaga, Empennage, var í pistlinum tengt nafni kæranda með orðunum að það væri „... samslungið Samson eignarhaldsfélagi í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors“. Kærða byggði umfjöllun sína m.a. á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og lánayfirliti Kaupþings frá september 2008. Upplýst er að kærða byggði umfjöllun sína m.a. á eftirfarandi tilvitnun til 10.4.5. kafla í skýrslu rannsóknarnefndarinnar:

„Við frekari eftirgrennslan Rannsóknarnefndar Alþingis á síðustu stigi um rannsóknar sinnar kom í ljós að Landsbankinn gaf út nýtt hlutafé, alls 6,8 milljarða að markaðsvirði eða 172 milljónir að nafnvirði, í ágúst 2007 sem var 1,5% af útistandandi hlutum

eftir hlutafjárukningu. Alls voru þá útistandandi tæpir 1,2 milljarðar að nafnvirði í félaginu. Á sama tíma lánaði Kaupþing Landsbankanum fyrir þessari aukningu hlutafjár í bankanum í gegnum félagið Empennage sem keypti alls 115 milljónir að nafnvirði. Hér vaknar því sú spurning hvort eiginfjárlutfall bankans hafi hækkað án raunverulegs eiginfjárlagsframlags. Breyting á samþykktum félagsins til aukningar hlutafjárins var undirrituð 31. júlí 2007 af Björgólfi Guðmundssyni, Svöfu Grönfeldt og Þorgeiri Baldurssyni.“

